



k

kjarninn

5. útgáfa - vika 38



WHY ARON?

Aron Jóhannsson ákvað
að spila með bandaríska
landsliðinu

Svektur með
yfirlýsingar KSÍ um
ákvörðun hans

Vonast til að hitta
íslenska landsliðið í
Brasilíu næsta sumar

Hefur þú lesið Kjarnann í iPad?

Sæktu Kjarnann
í App Store og
upplifðu hann í
sínun náttúrulegu
heimkynnum



Available on the
App Store



kjarninn

Efnisyfirlit

5. útgáfa
19. september 2013
vika 38

VIÐSKIPTI

Átök bak við tjöldin í skiptum

Staða nýs forstjóra hefur auglýst laus til umsóknar eftir dramatiska atburðarás

Smelltu á fyrirsagnimar til að lesa efnið

NEYTENDAMÁL



LEIGJENDUR SAMEINAST

Eygló Harðardóttir fundaði með Neytendasamtökunum vegna stöðu á leigumarkaði

STJÓRNMÁL



SPENNANDI KOSNINGAR Í ÞÝSKALANDI

Angela Merkel, ein valdamesta kona Evrópu, stendur í ströngu

AFPREYING



HEIMSYFIRRÁÐ GRAND THEFT AUTO

Tölvuleikurinn Grand Theft Auto er nú helsta útflutningsafurð Scotlands..

VIÐHORF

PISTILL

Pattstaða í Sýrlandi
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

ÁLIT

Hagræðing og háskólar
Frosti Ólafsson

FASTIR LIÐIR

STJÓRNMÁL

Útsala, útsala á þér
Birgitta Jónsdóttir

STJÓRNMÁL

Íhuga að minnka forðann

ÁLIT

Of langt gengið í Hagstofufrumvarpi
Kristín Edwald

DÓMSMÁL

Gillz gerir milljónakröfu

TÆKNI

Nýir iPhone símar kynntir

EXIT

ÍPRÓTTIR

Sterkasta teymi Ferrari frá upphafi

MATUR

Vannýtt auðlind matarmenningar

TÓNLIST

Afturgenginn tónleikaparsti

AFPREYING

Netflix-byltingin

„Ég vil eiga fyrir því sem ég geri“

Besta leiðin til að eignast hluti er að eiga fyrir þeim. Hvort sem ætlunin er að koma upp varasjóði eða safna fyrir næsta sumarfrí þá er alltaf skynsamlegt að leggja fyrir.

Allt um reglubundinn sparnað í stuttu máli





Misskilningur

LEIÐARI

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Nú stýttist í skuldaniðurfellingar. Þeim var enda lofað í aðdraganda síðustu kosninga og þær staðfestar í stjórnarsáttmála sitjandi ríkisstjórnar. Hvað í þeim felst verður þó óljósara með hverjum deginum.

Upphaflega virtist hugmyndin vera sú að fara í einhvers konar flata niðurfellingu á verðtryggðum húsnæðisskuldum allra. Það átti að kosta um 240 til 260 milljarða króna, sem áttu að fást hjá erlendum vogunarsjóðum sem áttu kröfur á fallna íslenska banka. Formaður Framsóknarflokksins sagði í viðtali í mars að það væri bæri „réttlætalegt“ og „framkvæmanlegt“ að ná í þetta fé með þessari leið og færa ágóðann til íslenskra heimila. Þessi sýn var síðan staðfest að hluta til í stjórnarsáttmálanum. Þar kom fram að um almenna aðgerð yrði að ræða og að „rétt [væri] að nýta svigrúm, sem að öllum líkindum myndast samhliða uppgjöri þrotabúanna, til að koma til móts við lántakendur“. Þetta reyndist misskilningur.

Það er víst ekki nauðsynlegt að gera upp þrotabúin eða búa til svigrúm með peningum kröfuhafanna til að fella niður skuldir. Samkvæmt kröfuhöfum vilja íslenskir stjórnmalámennt ekki einu sinni ræða við þá. Það er misskilningur að umboðið sé hjá stjórnvöldum. Kröfuhafar eigi að ræða við Seðlabankann sem sjái um framkvæmd gjaldeyrishafta. En innan hans telja stjórnendur sig ekki hafa umboð til að ræða við kröfuhafa. Enn einn misskilningurinn virðist vera þar á ferðinni.

Eftir kosningar kom líka í ljós að það var misskilningur að þeir sem ættu að fá skuldaniðurfellingar myndu fá senda ávísun í pósti strax í sumar. Alltaf hafði legið ljóst fyrir að það ætti algjörlega eftir að útfæra hvernig það yrði gert. Aðferðin var víst aukaatriði. Tveir sérfræðingahópar um skuldavanda heimilanna voru síðan skipaðir tæpum fjórum mánuðum eftir kosningar. Þeir eiga að skila tillögum sínum í nóvember. Í kjölfarið verður hægt að ráðast í þá almennu aðgerð sem boðuð hefur verið undanfarna mánuði. Ekki er hins vegar hægt að segja hvenær það verður.

En í vikunni kom í ljós að hún var ekki almenn. Það var misskilningur. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, svaraði þá fyrirspurn á Alþingi á þá vegu að þeir sem þegar hefðu fengið leiðréttingu á lánum sínum ættu ekki rétt á frekari leiðréttingu í fyrirhuguðum aðgerðum ríkisstjórnar í skuldamálaum. Daginn eftir leiðrétti Frosti reyndar þennan misskilning og sagði að þeir sem hefðu fengið einhverja leiðréttingu, hefðu til dæmis farið 110 prósent leiðina svokölluðu, myndu auðvitað fá einhverjar leiðréttingar. Annað væri misskilningur.

Eftir stendur að þeir sem virðast eiga að fá þorra leiðréttingar eru þeir sem voru ekki gjaldgengir í 110 prósent leiðina. Þeir sem ekki komust að voru umsækjendur sem áttu „aðrar aðfararhæfar eignir, með veðrymi“ sem þurrkuðu út niðurfærsluna. Auk þess var ekki gert ráð fyrir því að greiðslubyrði þess sem átti að fá niðurfelt færi ekki undir 18 prósent af tekjum hans árið 2010. Með öðrum orðum virðist sem fólk sem á aðrar eignir, er með há laun og er ekki í greiðsluvanda muni fá niðurfellingarnar. Það rímar reyndar við niðurstöðu Seðlabanka Íslands frá því í apríl í fyrra. Þá kynnti bankinn þá niðurstöðu að 57 prósent flatra afskrifta myndu enda hjá tekjuháum heimilum. En kannski er þetta bara misskilningur hjá leiðarahöfundi og Seðlabankanum.

Það að ætla að beita stjórnvaldsaðgerð til að taka fullt af peningum og færa afmörkuðum hópi þjóðfélagsþegna er ekkert smámál. Það er fullkomlega eðlilegt að því sé velt upp hvort það sé bæði réttlætalegt og skynsamlegt, sérstaklega þegar þjóðarbúið rambar á barmi gjaldþrots. Það er líka fullkomlega eðlilegt að því sé ekki kyngt athugasemdaleið að „forsendubrestur“ vegna óðaverðbólgu réttlæti þessar aðgerðir. Það er nefnilega þannig að þegar verðbólga er há í landi eins og Íslandi bitnar það á öllum sem við hana búa, algjörlega óháð því hvort þeir eru með verðtryggð húsnæðislán eða ekki. Það er ekki boðlegt að stimpla alla sem tortryggja þessar aðgerðir sem andfélagslega andstæðinga íslenskra heimila.

Það er líka fullkomlega eðlilegt að sýna því áhuga hvernig uppgjör þrotabúa föllnu bankanna standa. Þau eru enda eitt mikilvægasta mál íslensks samtíma. Niðurstaða þeirra mun hafa stórkostleg áhrif á alla sem búa á þessu landi. Og það eru allir sem hér búa sammála um að undirliggjandi eigi einungis að vera það eina markmið að ná sem bestri niðurstöðu fyrir íslenskt samfélag. Það er ekki boðlegt að stimpla alla sem vilja skýra þessa stöðu sem undirlægjuhækjur vondra kröfuhafa.

Það er hins vegar loddaraskapur að lofa einhverju sem á algjörlega eftir að útfæra og ráðstafa eignum sem eru ekki í hendi.

En kannski er þetta bara allt saman misskilningur.



kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708

kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

Ritstjóri: Pórður Snær Júlíusson
Framkvæmdastjórnar: Gísli Jóhann
Eysteinnsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Valdatafl innan Skipta



VIÐSKIPTI

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is

Föstudagurinn þrettándi hefur orð á sér fyrir að vera óhappadagur. Hann var það sannarlega fyrir Stein Loga Björnsson, nú fyrrverandi forstjóra Skipta, sem missti starf sitt fyrir liðna helgi. Í fréttatilkynningu sem send var út til fjölmiðla kom fram að stjórn Skipta og Steinn Logi hefðu „komist að samkomulagi um að Steinn Logi láti af störfum“. Þar var líka látið í það skína að tilefnið hefði verið það að endurskipulagningu og endurfjármögnun félagsins væri nú lokið og tímabært að umbreytingarforstjórinn færi frá. Skipti væru nú í stakk búin að takast á við bjarta framtíð og víðeigandi væri að nýr maður leiddi félagið þangað.

Málið var hins vegar alls ekki svona einfalt. Á bak við tjöldin hefur geisað valdabaráttu innan stjórnar Skipta um hver eigi að leiða félagið. Baráttan hefur ekki snúist um rekstur þeirra fyrirtækja sem Skipti eiga. Hún hefur heldur ekki snúist um framtíðarstefnumótun þeirra. Baráttan hefur fyrst og síðast snúist um persónur. Stjórnarmenn sem sitja í stjórninni fyrir hönd lífeyrissjóða eru sagðir hafa viljað koma „sínnum manni“ að á meðan aðrir hafa stutt Stein Loga. Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að losna við hann og tókst það loks í síðustu viku.

Erfiðir tímar eftir hrun

Skipti er félag sem varð til árið 2005 þegar Exista og viðskiptalegir meðreiðarsveinar þess fjárfestingarfélags keyptu Símann í stærstu einkavæðingu Íslandssögunnar. Kröfuhafar Existu tóku yfir það félag eftir mikla baráttu eftir hrun og með fylgdi Skipti, móðurfélag Símans, Skjásins, Mílu og fleiri fyrirtækja. Staða Skipta á þessum tíma var vægast sagt ekki beysin. Kaupin á Símanum höfðu verið fjármögnuð að mestu með risavöxnu sambankaláni auk þess sem félagið hafði safnað að sér viðbótarbankaskuldum og gefið út skuldabréfa-flokka upp á um 20 milljarða króna. Skuldir samsteypunnar námu rúmlega 60 milljörðum króna og sú staða hefti samkeppnishæfni fyrirtækja hennar verulega.

Steinn Logi var ráðinn sem forstjóri í apríl 2011. Á



Tilkynning um
fjárhagslega
endurskipulagn-
ingu Skipta.

VÆRINGAR Á FJARSKIPTA- OG FJÖLMIÐLAMARKAÐI

Skipti er langstærsta fyrirtækjasamsteypan innan íslenska fjarskiptageirans. Félagið meðal annars á Símann, Skjáinn og Mílu og velti 28,5 milljörðum króna á síðasta ári. Síminn var til dæmis með 37,4 prósent markaðshlutdeild á farsímamarkaði á síðasta ári og rekstur Skjásins hefur verið að taka stakkaskiptum. Auk þess hefur Sjónvarp Símans, sem veitir aðgang að erlendum og innlendum sjónvarpsstöðvum, vaxið mjög. Í haust stendur til að bjóða upp á nýja sjónvarpslausn fyrir snjallsíma og spjalddölvur. Síminn er því að fóta sig í gerbreyttu umhverfi miðlunar á afþreyingu og fjölmiðlunar þar sem

fjarskiptafyrirtækin og framleiðendur efnisins eru víða að renna saman í eitt.

365 miðlar eru gott dæmi um slíka samþættingu. Í haust var því fyrirtæki breytt að hluta til í fjarskiptafyrirtæki og hóf að selja netaðgang fyrir notendur sína. Fyrirtækið hefur auk þess tryggt sér leyfi fyrir 4-G uppbyggingu, hefur ítrekað reynt að kaupa Skjáinn af Símanum og heimildir Kjarnans herma að það sé auk þess að bera vígjurnar í Tal um þessar mundir.

Til að flækja málið enn frekar eru 365 miðlar í virkri sölumeðferð og ýmsir að sýna kaupum á fyrirtækinu áhuga.

Þeim tíma var ljóst að skuldastaða Skipta var að skerða samkeppnisstöðu félagsins, sérstaklega dótturfélagsins Símans. Hvorki virtist hins vegar vera vilji til að ráðast í slíkar aðgerðir strax af hálfu kröfuhafa né þáverandi eiganda, sem var Klakki, áður Exista. Langstærsti eigandi þess var Arion banki en vogunarsjóðurinn Burlington Loan Management, í stýringu bandaríska sjóðstýringarfyrirtækisins Davidson Kempner, hefur einnig verið duglegur að kaupa upp eignarhluti í Klakka.

Ástæða þess að þetta var bagalegt fyrir Símann var margþætt. Í fyrsta lagi var velta félagsins að dragast hratt saman. Á milli árána 2010 og 2011 minnkaði hún um sex milljarða króna. Þróunin endurspegladi tapaða markaðshlutdeild Símans á mikilvægum mörkuðum, auk þess sem ítrekaðar sektir samkeppnisyfirvalda vegna brota bitu fast. Í öðru lagi var búið að endurskipuleggja stærsta keppinautinn, Vodafone, og hann var á leið á markað á árinu 2012. Nova hafði á sama tíma vaxið hratt og fyrirtæki úr öðrum geirum, einkum 365 miðlar, höfðu sýnt tilburði til að feta sig inn á fjarskiptamarkaðinn. Í þriðja lagi voru skuldir Skipta við bankastofnanir á gjalddaga í desember 2013 og skuldabréfaflokkur félagsins á gjalddaga í apríl 2014. Vand-séð var hvernig samsteypan ætlaði að vippra 60 milljörðum

króna upp úr hattinum til að standa við þessar afborganir.

Nýir eigendur eftir endurskipulagningu

Hlutverk Steins Loga var að taka til í rekstrinum, auka framlegð Skipta og búa félagið undir fjárhagslega endurskipulagningu, sem var óumflýjanleg. Skipti höfðu þá tapað 33 milljörðum króna á árunum 2008 til 2012.

Endurskipulagningin hófst formlega í janúar síðastliðnum og í apríl lágu tillögurnar fyrir. Þær gerðu ráð fyrir að eigendur skuldabréfa sem Skipti höfðu gefið út, en gátu ekki borgað af, skiptu á þeim og hlutabréfum, að Arion banki breytti hluta lána sinna í hlutafé og að félagið yrði endurfjármagnað. Klakki gaf á sama tíma frá sér allt hlutafé.

Eftir endurskipulagninguna var Arion banki stærsti einstaki eigandi Skipta en lífeyrissjóðir, sem höfðu verið duglegir að kaupa upp skuldabréf Skipta fyrir hrun, voru stærstir á meðal annarra eigenda. Lífeyrissjóður verslunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Gildi voru þar stærstir með samtals um 30 prósentu hlut.

Þegar ljóst var að nýir eigendur voru komnir að félaginu þurfti að halda hluthafafund og velja nýja stjórn sem endurspeglaði nýtt eignarhald. Hann var haldinn 2. júlí síðastliðinn og hófst á ávarpi þáverandi stjórnarformanns, Benedikts Sveinssonar, sem sat fyrir hönd Arion banka. Á þeim tíma gætti nokkurs óróa í hinum nýja hluthafahópi Skipta vegna þrýstings frá ýmsum í stjórn Skipta við að koma Orra Hauksyni, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, að sem forstjóra félagsins. Helgi Magnússon réð Orra í þá vinnu. Þeim tilraunum var hrundið.

Í ávarpi sínu gagnrýndi Benedikt þessar tilraunir til að bola Steini Loga burt án sýnilegrar ástæðu og án efnislegra raka. Hann gagnrýndi einnig stigvaxandi umsvif lífeyrissjóðanna í íslensku viðskiptalífi. Samkvæmt heimildum Kjarnans setti Benedikt ákveðin skilyrði, sem sneru að fulltrúum lífeyrissjóðanna í stjórn Skipta, fyrir því að sitja áfram í stjórninni. Að þeim var ekki gengið og úr varð að Benedikt bauð sig ekki fram til áframhaldandi setu.



Samfélagslega mikilvægt
Íslendingar nýta sér þjónustu Símans og annarra fjar-skiptafyrirtækja á hverjum einasta degi. Umfang þeirrar þjónustu vex dag frá degi.

Steinn Logi rekinn

Í síðustu viku dró svo til tíðinda. Steini Loga var sendur tölvupóstur á fimmtudegi og hann boðaður á fund stjórnarmanna á föstudegi. Þar hittu hann Sigríði Hrólfsdóttur, nýjan formann stjórnar Skipta, og Ingimund Sigurpálsson, varaformann stjórnar, og hann beðinn um að samþykkja starfslok. Á mannamáli þýðir það einfaldlega að hann var rekinn.

Nú var svo komið að lífeyrissjóðirnir voru komnir með meirihluta í stjórn og gátu því ráðið málinu. Ákvörðunin var samt sem áður einróma en með því skilyrði að starfið yrði



auglýst. Það var gert á mánudag. Umsóknarfrestur rennur út eftir helgi og búist er við því að nýr forstjóri verði opinberaður í næstu viku.

Viðmælendur Kjarnans sem styðja ákvörðunina segja að nýir eigendur hafi einfaldlega ekki talið Stein Loga vera réttu týpuna til að leiða Skipti inn í framtíðina. Fram undan sé mikil samkeppni á mjög hörðum samkeppnismarkaði og skráning félagsins á markað. Önnur manngerð stjórnanda myndi henta betur í það hlutverk. Þessi skoðun var sérstaklega ráðandi hjá fulltrúum lífeyrissjóðanna í stjórn Skipta: Helga Magnússyni, Heiðrínu Jónsdóttur og Stefáni Árna Auðólfssyni. Þau þrjú eru með meirihluta í fimm manna stjórn. Þeir sem voru ákvörðuninni mótfallnir segja á hinn bóginn að brottreksturinn sé einfalt, gamaldags valdatafl.

Það sem gerir brottrekstur Steins Loga helst sérkennilegan í huga margra er að undir hans stjórn hafa Skipti tekið stakkaskiptum. Eftir að hann varð forstjóri hefur tekist að hagræða mjög í rekstrinum, ljúka ýmsum samkeppnismálum sem samsteypan stóð frammi fyrir og klára fjárhagslega endurskipulagningu hennar. Þar skipti mestu máli að sannfæra skuldabréfaeigendur um að breyta bréfum sínum í ný hlutabréf. Markaðurinn virðist líka hafa mikla trú á Skiptum. Félagið seldi skuldabréf fyrir um átta milljarða króna í sumar og var umframeftirspurn tæplega 50 prósent. Þó verður að taka það með í dæmið að fjárfestingarmöguleikar á Íslandi eru ekkert sérlega margir. Afkoma Skipta eftir skatta, fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 466 milljónir króna á fyrri hluta þessa árs. Til samanburðar tapaði félagið 2.562 milljónum króna á sama tímabili árið áður. Það eru því bjartari tímar fram undan hjá Skiptum.

Áhyggjur af lífeyrissjóðum

Margir í viðskiptalífínu eru auk þess hugsir yfir þeim miklu ítökum sem lífeyrissjóðir landsins hafa yfir atvinnulífínu. Þeim finnst baráttan sem átt hefur stað stað innan Skipta endurspeglar þau vandamál sem eru uppi ágætlega.

Aukin umsvif og áhrif lífeyrissjóðanna í atvinnulífínu má

helst rekja til tveggja hluta. Annars vegar áttu þeir mikið magn skuldabréfa á fyrirtæki sem fóru á hausinn og gátu því ekki greitt þau til baka. Lífeyrissjóðirnir breyttu því skuldunum í hlutafé í þeirri von að endurheimta eitthvað af eignum sínum. Hin ástæðan eru gjadleyrishöft. Ný fjárfestingarþörf lífeyrissjóðanna er allt að 130 milljarðar króna á ári og höftin meina þeim að fjárfesta erlendis.

Þessi staða gerir það að verkum að því lengur sem höftin eru til staðar, þeim mun meira munu lífeyrissjóðir eignast í íslensku viðskiptalífi. Eignarhaldið verður annaðhvort beint í nafni sjóðanna eða óbeint í gegnum ýmsa fjárfestingarsjóði. Ef sjóðirnir fara að nálgast hámark þess sem þeir mega eiga í ákveðnum tegundum fjárfestinga samkvæmt lögum virðist sem löggjafinn hafi um lítið annað að velja en að rýmka þær heimildir enn frekar. Þetta sást ágætlega í upphafi þessa árs þegar heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum bréfum voru auknar úr 20 prósentum af heildareignum þeirra í 25 prósent.

Í ljósi þeirra áhrifa og valda sem munu safnast á hendur lífeyrissjóðanna vegna þessara aðstæðna velta margir fyrir sér hvort breyta þurfi fyrirkomulaginu á því hvernig er valið í stjórn sjóðanna og búa til nýtt fyrirkomulag um hvernig sjóðirnir skipa fulltrúa í stjórnir þeirra fyrirtækja sem þeir eignast. Valdið geti nefnilega þjappast fljótt saman við þær aðstæður sem nú ríkja.



Líður þér svona?



Spila

Fáðu þér síma sem veitir þér frelsi

Með Samsung Galaxy S4 ert þú við stjórnvölinn. Þú getur aðlagð símann að þínum þörfum, sett upp eigin flýtleiðir og verið skilvirkari í leik og starfi.

Kynntu þér málið á GalaxyS4.is



Samsung GALAXY S4

Langtímaleiga verði raunhæfur möguleiki

Ráðherra fundaði með Neytenda-
samtökunum í gær vegna vaxandi
vandamála hjá leigjendum



NEYTENDUR

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Facebook-síða
Hagsmunasamtaka
leigjenda

Margvísleg vandamál eru að koma upp í tengslum við það að leigjendur búa við mikla óvissu vegna þess að leiga sem búsetuform hér á landi er hugsuð til skammtíma. Eins og þetta birtist okkur er brýn þörf á því að horfa frekar til langtíma. Það yrði til bóta fyrir leigusala og leigutaka.“ Þetta segir Hildigunnur Hafsteinsdóttir, stjórnandi leiðbeininga- og kvörtunarþjónustu Neytendasamtakanna. Samtökin hafa umsjón með Leigjendaaðstoðinni á grundvelli þjónustusamnings við velferðarráðuneytið.

Funda með ráðherra

Neytendasamtökin áttu í gær fund með Eygló Harðardóttur félags- og húsnæðismálaráðherra í velferðarráðuneytinu, þar sem fjallað var um stöðu á leigumarkaði. Eins og fram kom í Kjarnanum í síðustu viku hafa áhyggjur vegna hás kostnaðar við leigu, einkum á svæðinu vestan Kringlumýrarbrautar í Reykjavík, farið vaxandi á undanförnum misserum. Staðan er þó ekki svo einföld að leiguverð sé að hækka að ástæðulausu. Lítið framboð af litlu og meðalstóru húsnæði miðað við eftirspurn, strangari reglur varðandi húsnæðislán og hár byggingakostnaður miðað við fasteignaverð þrýstir bæði fasteignaverði og leiguverði upp á við. Útlit er fyrir að þessi þróun muni halda enn frekar áfram, þar sem stórir árgangar Íslendinga eru nú að stíga sín fyrstu skref á fasteignamarkaði. Samtals eru ríflega 23 þúsund Íslendingar á aldrinum 21 til 25 ára, það er fæddir á árabílinu 1988 til 1992.

Eygló Harðardóttir segir nýja húsnæðismálastefnu, þar sem möguleiki fyrir leigu til langframa verði raunhæfur möguleiki, vera henni hjartans mál. „Ég lít svo á að ný húsnæðismálastefna sé gríðarlega mikilvægt mál sem þoli enga bið. Ég hef þegar sett af stað vinnu við að kalla aðila vinnumarkaðarins, þ.e. stéttarfélög og hagsmunasamtök, saman að borðinu með lífeyrissjóðum, sveitarfélögum og stjórnvöldum, til þess að ná fram góðri niðurstöðu í málið. Að mínu mati er nauðsynlegt fyrir alla þessa aðila að koma að



Neytendasamtökin
safna upplýsingum
um leigumarkaðinn

málinu,“ segir Eygló og leggur áherslu á að uppbygging lítilla íbúða, sem verði leigðar til langframa, eigi að vera raunhæfur kostur. „En það er ennþá mjög dýrt að byggja, meðal annars vegna hás lóðakostnaðar og byggingarkostnaðar yfirleitt. Það þarf að kafa ofan í þetta mál og reyna að ná byggingarkostnaðinum niður.“

Málum fjölgað

Samkvæmt upplýsingum sem Neytendasamtökin tóku saman í minnisblaði fyrir fundinn með ráðherra hafa 1.043 erindi borist Leigjendaaðstoðinni á þessu ári, frá 1. janúar til 15. september. Þetta er lítils háttar fjölgun miðað við sama tímabil í fyrra en langflest erindin koma frá leigjendum, 950 talsins. „Í sumum tilvikum eru það þó leigusalar sem hafa samband, og þá fá þeir almennar ráðleggingar enda litið svo á að það sé leigjendum til hagsbóta að leigusalar séu meðvitaðir um þau lög og reglur sem gilda um leigusamninga,“ segir í minnisblaðinu.

Konur í meirihluta

Sérstaklega er tiltekið í minnisblaðinu að konur séu í meirihluta þeirra sem leiti aðstoðar. Ríflega 60 prósent þeirra sem leita aðstoðar eru konur en tæplega 40 prósent karlar. „Algengast er að fyrirspurnir leigjenda snúi að viðhaldi og ástandi eignar, og svo uppsögn á leigusamningi, enda geta mörg vafamál risið í þeim efnum. Hvað á t.a.m. að gera ef viðhaldi er ábótavant? Eða ef ástand eignarinnar er óviðunandi? Má leigjandi mála íbúðina eða breyta einhverju í henni? Hvenær lýkur tímabundnum leigusamningi? Hvenær má segja samningi upp? Hvernig er best að segja upp? Og svo mætti lengi telja,“ segir í minnisblaðinu.

Leigjendaaðstoðin áfram?

Fyrir utan það að svara fyrirspurnum leigjenda rekur Leigjendaaðstoðin heimasíðuna leigjendur.is þar sem finna má ítarlegar upplýsingar um réttindi og skyldur aðila á leigumarkaði. Þar er einnig að finna yfirlit og reifanir á öllum

birtum álitum kærunefndar húsamála (sem varða leigu á íbúðarhúsnæði) frá árinu 2007.

Þá hefur leigjendaaðstoðin sent ýmis erindi og umsagnir er varða leigumarkaðinn til stjórnvalda með reglubundnum hætti. Má þar nefna erindi um þörf á auknu eftirliti með aðilum sem stunda útleigu íbúðarhúsnæðis í atvinnuskyni og ítarleg erindi um það sem að mati Leigjendaaðstoðarinnar mætti betur fara í húsaleigulögum og lögum um húsaleigubætur.

Samningur Neytendasamtakanna og velferðarráðuneytisins um Leigjendaaðstoðina rennur að óbreyttu út í lok ársins en vonir standa til þess að hann verði framlengdur, ekki síst til þess að stjórnvöld geti fylgst með þróun mála.

Hagsmunasamtök stofnuð um helgina

Hagsmunasamtök leigjenda verða formlega stofnuð um helgina, en að undanförunu hefur staðið yfir undirskriftasöfnun þar sem þess er krafist að stjórnvöld grípi til aðgerða til að tryggja skilvirkari og betri leigumarkað. „Við undirrituð sendum þetta bréf til að vekja athygli ykkar á því ófremdarástandi sem ríkir á leigumarkaði í Reykjavík og víðar. Framboð á húsnæði er í algeru lágmarki og margir eru á hrakhólum. Það nægir að skoða auglýsingar í dagblöðum og hjá leigumiðlunum til að sjá að ástandið er vægast sagt hræðilegt. Þessu fylgir síðan óheyrilega há húsaleiga sem fæstir hafa tök á að borga og einnig himinháar tryggingar og fyrirframgreiðslur. Oft er sú upphæð sem fólk þarf að reiða fram í beinhörðum peningum í kringum ein milljón króna. Húsaleigubætur gagnast sumum en eru engan veginn í takt við laun og útgjöld vegna húsnæðis. Að vera á leigumarkaði fylgir líka gifurlegt öryggisleysi þar sem fólk er síflytjandi. Því fylgir mikill kostnaður en ekki síst álag. Lífið á leigumarkaðnum er afar slítandi til lengdar, veldur mörgum mikilli vanlíðan og slíkt rót getur haft alvarlegar afleiðingar,“ segir í inngangsorðum á vefsíðu þar sem ríflega tvö þúsund manns hafa skrifað nafn sitt.

Stofnfundur samtakanna verður á Grensásvegi 16a á laugardaginn og verður húsið opnað klukkan 12.00.





Kristilegir demókratar með pálmann í höndunum



Smelltu til að lesa grein
um Peer Steinbrück
á vef Frankfurter
Allemeine

Þingkosningar fara fram í Þýskalandi næstkomandi sunnudag. Allt bendir til þess að kristilegir demókratar (CDU/CSU) muni fara með sigur af hólmi og Angela Merkel verði kanslari þriðja kjörtímabilið í röð. Keppinautur Merkel um embætti kanslara er hagfræðingurinn og fyrrverandi fjármálaráðherra Peer Steinbrück, þingmaður Jafnaðarmannaflokksins (SPD). Bæði Merkel og Steinbrück ganga bundin til kosninga. Merkel vill halda áfram stjórnarsamstarfinu með systurflokki sínum í Bæjaralandi (CSU) og Frjálslyndum demókrötum (FDP) en Peer Steinbrück setur markið á að leiða ríkisstjórn Jafnaðarmanna og Græningja (Die Grünen).

Fylgisaukning í kortunum

Kannanir á fylgi flokkanna sýna að Kristilegir demókratar megi reikna með nokkurri fylgisaukningu frá síðustu þingkosningum en samanlagt fá þeir í kringum 40%. Frjálslyndir demókratar, sem komu inn í ríkisstjórn Merkel árið 2009 með rúm 14% atkvæða, mælast nú hins vegar á mörkum þess að komast yfir 5% þröskuldinn sem þarf til að koma manni inn á þing. Fylgistapið má ekki síst rekja til innanflokksátaka og óuppfylltra loforða um skattalækkanir frá síðustu kosningum. Þótt fátt virðist munu koma í veg fyrir kosningasigur Merkel er því allsendis óvíst að framhald verði á núverandi ríkisstjórnarsamstarfi.

Óskastjórnin

Möguleikar Steinbrücks á því að mynda óskastjórn sína eru litlir sem engir, en samanlagt fylgi Jafnaðarmanna og Græningja hefur mælst undir 40% nær alla kosningabaráttuna. Steinbrück hefur þrátt fyrir það staðfastlega útilokað að hann muni taka þátt í samsteypustjórn með öðrum flokkum en Græningjum. Því er einkum beint að Vinstriflokknum (Die Linke), sem á rætur sínar meðal annars að rekja til gamla austur-þýska Kommúnistaflokksins. Til þessa hefur verið samstaða um það meðal allra flokka á þýska þinginu að stjórnarsamstarf með Vinstriflokknum komi ekki til greina.



Smelltu til að horfa á auglýsingu Flokksins, sem hefur það á stefnuskránni að berjast gegn gildum annara stjórnmálaflokka. Athugaðu að það þarf að skrá sig inn á Google-reikning til að geta horft á myndbandið enda er það harla óvanalegt af auglýsingu fyrir stjórnmálaflokk að vera.

Stórstjórn?

Geti Merkel ekki myndað meirihluta með Frjálslyndum demókrötum er myndun „stórstjórnar“ Kristilegra demókrata og Jafnaðarmanna líklegasti og hugsanlega eini raunhæfi möguleikinn. Steinbrück er að vísu enn í fersku minni sú útreið sem flokkur hans fékk í kosningunum árið 2009 eftir að hafa setið í stórstjórn með Merkel og hefur engan áhuga á að endurupplifa það. Málefnalega stendur slíku samstarfi fátt í vegi. Meiri samhljómur er með stefnum flokkanna en oft áður, ekki síst varðandi mikilvæg mál eins og hagstjórn, hlutverk Þýskalands á alþjóðavettvangi og umbyltingu raforkuöflunarkerfis landsins. Til marks um það varða helstu málin á lokaspretti kosningabaráttunnar spurningar um félagslegt réttlæti, svo sem innleiðingu lágmarkslauna og bætt kjör lífeyrisþega og barnafjölskyldna. Líklegir ásteytingarsteinar í hugsanlegum stjórnarmyndunarviðræðum eru loforð Jafnaðarmanna um hækkun efsta skattþrepsins og lög um ættleiðingar samkynhneigðra, sem Kristilegir demókratar eru andsnúnir.

Samsteypustjórn möguleiki

Fræðilega gæti einnig verið möguleiki á myndun samsteypustjórnar Kristilegra demókrata og Græningja. Slík stjórn hefur aðeins einu sinni verið mynduð í Þýskalandi, nánar tiltekið í Hamborg, en aldrei á vettvangi sambandsríkisins Þýskalands. Með ákvörðun Merkel um að loka kjarnorkuverum landsins er stærsta ágreiningsefni flokkanna úr sögunni. Málefnalega ber þó enn töluvert í milli, einkum í skattamálum, og er ólíklegt að á samstarfsgetu flokkanna verði látið reyna.

Til viðbótar við hina hefðbundnu þýsku stjórnmálaflokka eru tuttugu og fjórir smáflokkar í framboði. Sem dæmi má nefna Flokk biblíuþryggra kristinna, Flokk andlega þenkjandi fólks, Marxísk-leníníska flokkinn, Flokk þeirra sem ekki kjósa, Skynsemisflokkinn, Nasistaflokkinn og háðflokkinn Flokkinn, sem nýverið vakti mikla athygli vegna kosningaauglýsingar um fjölskyldustefnu sína. Stærstir smáflokkanna eru annars vegar Píratar, sem þó mega muna fífil sinn fegurri frá því að



Til í slaginn

Eftir átta ár í embætti kanslara stefnir allt í kosningasigur Angelu Merkel. Staða efnahagsmála í Þýskalandi miðað við önnur Evrópuríki er sterk.

MYND/AFP

fyrstu fylgiskannanirnar fyrir þessar kosningar voru gerðar, og hins vegar, „Valkostur fyrir Þýskaland“ (AfD), sem hefur þá stefnu að leysa upp myntsamstarf Evrópusambandsins. Ítrekaðar tilraunir AfD til að koma af stað málefnalegri umræðu um róttækar lausnir á evruvandananum hafa ekki borið ávöxt. Segja má að samstaða hafi ríkt um það meðal annarra flokka að taka ekki þátt í slíkri umræðu og koma heldur stimpli á AfD sem andevrópskt afl. Hvorugur flokkanna er líklegur til að komast yfir 5% múrinn.

Merkel sterk

Eftir átta ár í embætti kanslara, á tímum einhverrar alvarlegustu efnahags- og gjaldmiðilskrísu Evrópusambandsins, stefnir allt í kosningasigur Merkel. Þetta er langt frá því að vera sjálfsagt, eins og stjórnmalaflokkar í öðrum Evrópulöndum hafa fengið að finna fyrir upp á síðkastið. Meginskýringarnar virðast vera tvær.

Í fyrsta lagi hafa Þjóðverjar það mjög gott, betra en flestar aðrar Evrópuþjóðir. Í skoðanakönnun sem gerð var um

miðjan síðasta mánuð töldu 66% aðspurðra að efnahagsleg staða Þýskalands væri góð eða mjög góð. Enn fleiri, 76% aðspurðra, mátu sína eigin efnahagslegu stöðu góða eða mjög góða – fleiri en nokkru sinni áður í sömu könnun. Á sama tíma hefur atvinnuleysi dregist saman. Ánægðir kjósendur eru því lykillinn að velgengni Merkel og jafnframt ástæða þess að áform Jafnaðarmanna og Græningja um skattahækkanir og loforð um „tafarlausa stefnubreytingu“ að loknum kosningum fá ekki hljómgrunn meðal kjósenda.

Í öðru lagi er það Angela Merkel sjálf sem flokkurinn nýtur góðs af, en persónulegt fylgi hennar er talsvert meira en fylgi flokksins. „Mutti“ er hún gjarnan kölluð, bæði af eigin flokksmönnum og almenningi, ekki til að gera lítið úr henni heldur til að lýsa þeim stjórnunarstíl sem hún hefur innleitt í þýsk stjórnarmál. Merkel er ákveðin og fær sínu fram en kann um leið að hlusta, jafnvel upp að því marki að hún geri hugmyndir andstæðinga sinna að sínum, án þess einu sinni að þræta fyrir það. Og einmitt þess vegna gengur stjórnarandstöðunni illa að koma höggi á Merkel; hún afnam her-skyldu í Þýskalandi eins og vinstriflokkarnir vildu, hún ákvað að loka kjarnorkuverum landsins, það er að segja hún hætti við að hætta við ákvörðun Jafnaðarmanna og Græningja um að hverfa frá notkun kjarnorku, og hún tók upp hugmyndir þeirra um hækkun ellilífeyris og þak á húsaleigu. Gagnrýni Jafnaðarmanna og Græningja á krísustjórnun Merkel í tengslum við skuldavanda Grikklands og annarra evruríkja hefur einnig verið bitlaus enda veittu þeir öllum aðgerðum hennar brautargengi á þingi.

Engin stefna hjá Merkel?

Í kosningabaráttu Kristilegra demókrata er fyrir vikið lögð mikil áhersla á „fyrirbrigðið Merkel“ en minna lagt upp úr stefnumálunum. Andstæðingar Merkel hafa einmitt gagnrýnt hana fyrir að hafa enga stefnu, enga áætlun til lengri tíma. Öllum sé ljóst að hún hafi ekki setið auðum höndum í embætti en stóru málin hafi verið ófyrirséð verkefni eins og banka-krísan, evrukrísan og að sumu leyti umbylting raforkuöflunar



Peer Steinbrück á fundi
„Merkel er góður flugmaður,
en maður veit ekki hvar
maður lendir með hana við
stýrið,“ sagði Steinbrück um
Angelu Merkel.

MYND/AFF

kerfisins einnig, en ekki mál sem hún hafi sett á dagskrá sjálf. Steinbrück lýsti þessu þannig í upphafi kosningabaráttunnar: „Merkel er mjög góður flugmaður, maður er alveg rólegur. En maður veit ekki hvar maður lendir með henni.“ Svar Merkel við þessum ásökunum er einfalt: „Þið þekkið mig.“ Og það má kalla það orð að sönnu því Þjóðverjum finnst þeir þekkja hana, finnst hún áreiðanleg og fyrirsjáanleg.

Hið sama verður ekki sagt um Steinbrück, sem þrátt fyrir að vera bæði skynsamur og skarpskyggn hefur ítrekað vakið á sér athygli í kosningabaráttunni með þeim hætti að heitar umræður hafa skapast um dómgreind hans. Nýlegt dæmi er mynd af honum á forsíðu SZ Magazin, vikulegs fylgiblaðs Süddeutsche Zeitung, þar sem hann gefur lesendum fingurinn. Myndin er uppstillt og ómöguleg fyrir margra hluta sakir en hann heimilaði notkun hennar sjálfur. Ákvörðunin er óskiljanleg svo stuttu fyrir kosningar. Áætlun Steinbrücks um hvert hann stefni fyrstu 100 dagana í embætti kanslara ætlar að reynast honum lítils virði. Þeir sem treysta ekki dómgreind flugmannsins fara ekki með honum um borð, sama hvert ferðinni er heitið.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

NÝR AURIS HYBRID TOURING SPORTS LANGBAKUR SKUTBÍLANNA



ÁSTÆÐA TIL AÐ PRÓFA **HYBRID**

Stórglæsilegt útlit: Auris Hybrid Touring Sports er aðeins ein af ástæðum þess að þú verður að prófa þennan skutbil – þennan langbak sem skilar þér mjúkum, hjóllátum akstri í skjóli sjö loftpúða. Afburðargott rými fyrir bæði fólk og farangur er enn ein ástæðan til að njóta tæknilegra þæginda á borð við Toyota Touch margmiðunarkerfi og bakmyndavél. Hagkvæmt hybrid-kerfi og hugvitsamleg hönnun sparar eldsneyti og dregur úr útblæstri.



Komdu og reynsuaktu LANGBAKI SKUTBÍLANNA.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 4.770.000 kr.

HYBRID



Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgjöf verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.



Tölvuleikur skekur heiminn

6,5 milljónir eintaka seldar á fyrsta degi af dýrasta tölvuleik sögunnar, Grand Theft Auto 5.

AFPREYING

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Grand Theft Auto 5 (GTA) er kominn út. Það verður ekki annað sagt en að útgáfu leiksins hafi verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda undirbúningurinn búinn að kosta sitt. Fyrirtækið Rockstar Games, sem gefur leikinn út, hefur unnið að gerð leiksins í fimm og hálf t ár og hafa ríflega 300 forritarar og hönnuðir unnið að leiknum. Kostnaðurinn við gerð hans nemur 265 milljónum Bandaríkjadala, eða liðlega 32 milljörðum króna, sem gerir hann að dýrasta tölvuleik sögunnar til þessa. „Þetta er bara eitthvað það



Ánægður

Breskur unglíngur var ánægður með að vera kominn með GTA 5 fyrir Xbox leikjatólvuna frá Microsoft í hendur.

MYND/AFP

trylltasta sem ég hef á ævi minni upplifað,” segir Ágúst Guðbjartsson, framkvæmdastjóri Gamestöðvarinnar sem Skífan rekur. „Það mættu um 1.500 manns á kvöldopnun okkar þegar leikurinn fór í sölu og við seldum yfir þúsund eintök strax þá um kvöldið. Stærsta opnun sem ég man eftir fram að þessu var um 500 eintök, þannig að þetta er einstakt og eiginlega fullkomlega ótrúlegt. Stemningin fyrir leiknum er einfaldlega alveg brjálæðisleg. Það hjálpar líka til að hann hefur alls staðar fengið fullt hús stiga hjá gagnrýnendum og er gríðarlega flottur.“





Umfjöllun
Forbes um
GTA 5

Ótrúlegar tölur

Strax á fyrsta degi í sölu námu heildarsölutekjur yfir 400 milljónum Bandríkjadala samkvæmt fagtímaritinu Forbes. Samkvæmt áætlunum Rockstar Games er gert ráð fyrir að 25 milljónir eintaka seljist af leiknum fyrsta árið eftir útkomu. Fyrstu viðbrögð benda til þess að salan verði miklu meiri, fari jafnvel nálægt 50 milljónum eintaka.

Heillandi frjálsræði og ofbeldi

Fyrsti Grand Theft Auto leikurinn kom fram 1997, þá undir merkjum fyrirtækisins DMA Design, sem í dag heitir Rockstar Games. Það sem vakti helst athygli við leikinn, og hefur æ síðan verið helsta einkenni hans, er frjálsræðið sem spilarar eru með. Hægt er að gera nánast hvað sem er í GTA 5. Stela bílum, beita vopnum, versla, tala við fólk, spila golf, fara á fundi með bankamönnum, kaupa hlutabréf, reyna við hitt kynið og takast á við hin ýmsu hversdagslegu vandamál lífsins. Innan þessa ramma fá spilarar hin ýmsu verkefni til þess að leysa en geta gefið sér þann tíma sem þarf, með tilheyrandi bardögum og bílaeltingaleikjum með lögregluna á hælunum.

Bræður að baki leiknum

Bræðurnir Sam og Dan Houser eru aðalmennirnir á bak við hugmynd leiksins. Þeir eru sagðir fremur hlédrægir og yfirvegaðir í framkomu og hafa haft þá stefnu að draga alltaf úr væntingum. „Það er fyrst og fremst verkefni okkar að reyna að búa til góða hluti, hluti sem fólki líkar við. Við fáum ekkert út úr því að tala um hversu góðir við erum í því sem við gerum. Það hefur ekkert upp á sig að ræða um það,“ sagði Dan Houser í samtali við The Guardian.

Þó að Rockstar sé risi í tölvuleikjaheiminum og sé með starfsemi víða um heim hefur sá hluti fyrirtækisins sem unnið hefur að framleiðslu leiksins, Rockstar North, að mestu verið staðsettur í Skotlandi og starfsmenn verið þar með aðstöðu.



Vefsíða Rock
Star Games

Bretar stoltir

Grand Theft Auto er að uppruna til breskur leikur þótt hann gerist í bandarískum veruleika, í Kaliforníu nánar tiltekið. Í fréttaskýringu breska ríkisútvarpsins BBC í tilefni af útkomu leiksins er því haldið fram að leikurinn gæti í framtíðinni farið á sama stall og mörg helstu tákn breskrar menningar. „William Shakespeare, Edward Elgar, The Beatles, James Bond ... Grand Theft Auto?“ segir í upphafi umfjöllunar BBC. „GTA hefur þegar selst í fleiri eintökum en The Who seldi af plötum,“ segir enn fremur. Áhrif leiksins á afþreyingarbransann almennt eru djúpstæð og mikil, enda leikurinn um margt einstakur.



Alltaf að læra

Stúdentakortið og Íslandsbanka Appið er allt sem þarf

Námsmenn fá góða þjónustu hjá Íslandsbanka og fullt af frábærum tilboðum með Stúdentakortinu. Ef þú skráir þig líka í Vildarklúbb Íslandsbanka opnast enn fleiri möguleikar og þú safnar punktum sem hægt er að breyta í t.d. peninga eða Vildarpunkta Icelandair.

Kynntu þér þjónustu og tilboð til námsmanna á islandsbanki.is



Skoða tilboð ↻

Brot af því besta fyrir námsmenn



20% afsláttur í bió og meira popp og gos



Fartölvutilboð frá Nýherja



50% afsláttur í sund

Við bjóðum
góða þjónustu


Íslandsbanki



Norðurslóðir í kastljósi umheimsins

NORÐURSLÓÐIR

Sigríður Huld Blöndal

1. hluti

Kjarninn fjallar í þessari og næstu viku um norðurslóðir.



Deildu með umheiminum

U ndanfarin ár hefur kastljós umheimsins beinst í síauknum mæli að norðurslóðum. Margir sjá þar mikil tækifæri meðan aðrir einblína á hætturnar á svæðinu. Engu að síður eru flestir sammála því að norðurslóðir muni skipa veigamikinn sess í alþjóðamálum í framtíðinni. Á Íslandi er þverpólitísk samstaða um að leggja áherslu á norðurslóðamál, þótt gera megi ráð fyrir því að togstreita geti myndast í framtíðinni milli nýtingarsinna og umhverfissinna ef farið verður út í olíuvinnslu við Íslandsstrendur.

Íslensk stjórnvöld hafa markað stefnu um norðurslóðamál og þar kemur sérstaklega fram að mikilvægt sé að styrkja



stöðu Íslands innan Norðurskautsráðsins, sem heldur utan um pólitíska samvinnu á svæðinu.

Ríki og alþjóðasamtök keppast um að fá aðgang að samtökum sem tengjast norðurslóðum, ekki síst Norðurskautsráðinu, og taka þátt í samvinnuverkefnum á vegum þeirra. Hið sama á við um vísindamenn og fræðimenn, enda hafa rannsóknir á norðurslóðum aukist til muna. Það sýnir sig best í starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins, þar sem saman koma vísindamenn frá öllum norðurskautsríkjunum átta ásamt fjölda áheyrnaraðila víðs vegar að úr heiminum.

Í næstu tveimur útgáfum Kjarnans verður fjallað ítarlega um stöðu alþjóðasamstarfs um norðurslóðir og hlutverk Íslands í því starfi.

Ræða Gorbatsjovs markaði upphaf

Norðurslóðir eru ekki lengur einangrað svæði. Svæðið hefur fengið hlutverk í viðamiklum málum sem snerta heiminn allan. Loftslagsbreytingar, hnattvæðing, orkuöryggi, jafnvægið á milli efnahagslegrar þróunar og umhverfisverndar. Ræða Mikhails Gorbatsjov árið 1989 um norðurslóðir sem „friðarsvæði“ (e. zone of peace) er oft nefnd í sambandi við upphaf norðurslóðauræðunnar. Með þeirri ræðu braut hann niður ýmsar pólitískar hindranir sem áður höfðu verið til staðar á kaldastríðstímanum og höfðu staðið í vegi fyrir samvinnu á norðurslóðum. Niðurstaðan var sú að það opnaðist fyrir flóðgáttir margra samvinnuverkefna, eins og AEPS (Arctic Environmental Protection Strategy), Barentsráðsins og Norðurskautsráðsins, sem hefur nú stöðu sem helsti vettvangur fyrir aðkomu ríkja, stofnana og annarra hagsmunasamtaka svæðisins.

Mikilvægi Norðurskautsráðsins

Störf Norðurskautsráðsins sjálfs fara aðallega fram innan vinnuhópa þess. Skýrslum vinnuhópanna hefur verið fylgt eftir með samningum. Tveir bindandi samningar hafa verið gerðir á vegum Norðurskautsráðsins. Fyrri samningurinn fjallar um leit og björgun (e. Search and Rescue Agreement)



MYND FENGIN AF VEF EPPR-VINNUHÓPSINS, [HTTP://WWW.ARCTIC-COUNCIL.ORG/EPPR/ABOUT-EPPR/](http://www.arctic-council.org/eppr/about-eppr/)

ILLUISAT-YFIRLÝSINGIN

Í Illulissat-yfirlýsingunni eru strandríkin fimm skilgreind sem ríki með „einstaka stöðu“ til að fjalla um málefni varðandi norðurskautið. Hana má því túlka á þann veg að brotin sé virðingarröð Norðurskautsríkjanna átta og sett fram ný skilgreining á því hverjir séu hagsmunaaðilar á norðurslóðum. Það hefur skapað óvissu um hlutverkaskipan á milli Norðurskautsráðsins og annarra samstarfsstofnana um norðurslóðir.

Fundir strandríkjanna fimm gætu fært svæðisbundna samstarfið frá Norðurskautsráðinu og í átt að

auknum tvíhliða samskiptum og tilfallandi fundum áhugasamra ríkja. Slík þróun gæti dregið úr vægi Íslands á norðurslóðum, enda hefur það ekki sama bolmagn og strandríkin fimm. Því má gera ráð fyrir því að stjórnvöld muni halda áfram að mótmæla fundum þeirra. Augljóst er að frá sjónarhóli Íslands skiptir miklu að samstarf fari áfram fram innan Norðurskautsráðsins því þannig getur Ísland helst varið hagsmuni sína á jafnréttisgrundvelli.

og var hann undirritaður í Nuuk árið 2011 en sá síðari er samningur um varnir gegn olíuvá sem undirritaður var í Kiruna fyrr á þessu ári.

Þó verður að hafa í huga að Norðurskautsráðið á nokkuð langt í land með að verða alþjóðastofnun. Þessir tveir bindandi samningar sem gerðir hafa verið eru ekki undirritaðir af fulltrúum Norðurskautsráðsins sjálfs heldur fulltrúum ríkjanna átta. Nafn Norðurskautsráðsins kemur ekki fram í Nuuk-samningnum sjálfum. Því er spurningin hvornig þessi þróun er túlkuð; er ráðið að styrkja sig eða er það samvinna ríkjanna átta sem er að styrkjast óháð Norðurskautsráðinu sjálfu?

Strandríkin fimm ógna samstarfinu

Fulltrúar strandríkjanna fimm, sem eru Rússland, Kanada, Bandaríkin, Noregur og Danmörk (fyrir Grænland), hófu að hittast á lokuðum fundum, ótengdum Norðurskautsráðinu árið 2008. Fulltrúum frumbyggja á norðurslóðum, Íslands, Svíþjóðar og Finnlands var ekki boðin þátttaka í þeim. Fyrsti fundur utanríkisráðherra strandríkjanna var haldinn í Ilulissat á Grænlandi árið 2008 þegar Ilulissat-yfirlýsingin var gefin út. Annar fundurinn fór fram í Chelsea í Québec í Kanada í mars árið 2010. Íslendingar hafa gagnrýnt þessa fundi harðlega á þeirri forsendu að þeir geti veikt Norðurskautsráðið og hafa Finnar og Svíar tekið undir hana, þótt þeir hafi ekki beitt sér eins mikið. Frumbyggjar gagnrýndu einnig Chelsea-fundinn fyrir að sniðganga þá. Það sem vakti athygli á þeim fundi var að Hillary Clinton, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, tók undir gagnrýni frumbyggja og norðurslóðaríkjanna þriggja sem ekki var boðið á hann.

Vantar skýrari forgangsröðun innanlands

Innan Norðurskautsráðsins starfa sex vinnuhópar. Þeir tveir sem eru með fast aðsetur á Íslandi fjalla um verndun lífríkis á norðurslóðum, CAFF (Conservation of Arctic Flora and Fauna) og um verndun hafsvæða, PAME (Protection of the Arctic Marine Environment). Hinir fjórir vinnuhópar Norður

skautsráðsins fjalla um vöktun og greiningu á norðurslóðum (AMAP), aðgerðir gegn efnamengun (ACAP), sjálfbæra þróun (SDWG) og varnir, viðbúnað og viðbrögð við umhverfissvá (EPPR). Í vinnuhópunum eru fulltrúar frá sérsviðum ráðuneyta, starfsmenn opinberra stofnana og vísindamenn. Vinnuhóparnir eru með umboð til að framkvæma áætlanir og verkefni Norðurskautsráðsins sem hafa verið samþykkt á ráðherrafundum þess.

Ísland á fulltrúa í fimm vinnuhópum af sex og tekur þátt í vinnu þeirra við viðamiklar skýrslur sem gefnar eru út og eru leiðbeinandi fyrir stefnumótun hjá Norðurskautsráðinu. Virkja þarf enn frekar stofnanir, ráðuneyti, hagsmunaaðila og fræðimenn á Íslandi til þátttöku og gefa þeim tækifæri til að koma að þessum störfum, hver með sérfræðipækkingu á sínu sviði. Með því að koma norðurslóðamálum betur skilgreindum inn í verkáætlanir ráðuneyta og stofnana væri hægt að virkja fleiri sérfræðinga til þátttöku og hafa þannig áhrif á starf vinnuhópa Norðurskautsráðsins.

Spyrja má hvort það sé ráðlegt að Ísland taki þátt í fimm vinnuhópum. Væri betra að forgangsraða og leggja kraft í tvo til þrjá vinnuhópa? Gagnrýna má stjórnvöld fyrir að hafa ekki hugað að slíkum spurningum þegar stefna Íslands í málefnum norðurslóða var mörkuð árið 2011. Mörg rök hníga að því að stjórnvöld setji fram skýra stefnu um aðkomu Íslands að vinnuhópum Norðurskautsráðsins sem ráðuneyti og stofnanir geta fylgt eftir. Það þarf til dæmis að skoða hvernig Ísland vill hámarka nýtingu í vinnuhópunum. Noregur hefur til dæmis einblínt mikið á einn vinnuhóp, AMAP.

Margir koma að norðurslóðamálum

Ýmis ráðuneyti og stofnanir á Íslandi koma að norðurslóðamálum með einum eða öðrum hætti.

Á Íslandi sinna sérstaklega fjögur ráðuneyti og undirstofnanir þeirra norðurslóðamálum með einum eða öðrum hætti. Hér er um að ræða utanríkisráðuneytið, umhverfis- og auðlindaráðuneytið, innanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið, en stofnanirnar eru Umhverfis

stofnun, Náttúrufræðistofnun, Orkustofnun, Siglingastofnun, Landhelgisgæslan, Flugmálastjórn, Hafrannsóknastofnun og Veðurstofan. Að samstarfinu standa einnig rannsóknastofnanir og aðrar stofnanir, einkum eftirfarandi: Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Háskólinn á Akureyri, Heimskautaréttarstofnun, Rannsóknarþing norðursins, RANNÍS, Háskóli Íslands og Rannsóknasetur um norðurslóðir. Norðurslóðamál eru dæmi um málaflokk sem tengist mörgum ráðuneytum. Hlutverk utanríkisráðuneytisins er að stýra og halda utan um starfið. Þetta eru þær stofnanir sem heyra undir þessi ólíku ráðuneyti sem koma að norðurslóðamálum á Íslandi ásamt fjölda rannsóknastofnana, hagsmunaaðila, samtaka, fyrirtækja og annarra aðila.

Umfangsmeiri verkefni

Stofnun Norðurskautsráðsins hefur með tímanum aukið samstarf utanríkisráðuneytanna í norðurskautsríkjunum. Þau verkefni sem lúta að sjálfbærri þróun verða sífellt umfangsmeiri og stuðla að breiðara verksviði norðurslóðasamstarfsins. Þar má nefna félagsleg málefni, heilbrigðismál, samskipti, æskulýðsmál og fleira. Virkt norðurslóðasamstarf kallar á þátttöku fleiri ráðuneyta og stofnana en utanríkisráðuneyta og umhverfisráðuneyta norðurskautsríkjanna. Það ætti að lita á það sem styrk í norðurslóðasamstarfi að efla fleiri ráðuneyti og stofnanir til þátttöku um þennan málaflokk.

4 LÍTRAR

VERÐVERND BYKO

LÆGRA
VERÐ

Vnr. 86620040-3737
KÓPAL glietra innimálning,
gljástig 10, allir litir, 4 l.

5.990 kr.



Vnr. 84100160
FIA málningarrúlla
og bakki, 25 cm.

990 kr.

NÝTT BYKOBLAÐ
ER KOMIÐ ÚT!

GLÆSILEGT VÖRUÚRVAL

SJÁ NÁNAR HÉR



VIÐ ERUM
KOMIN Á
FACEBOOK

FYLGIST MED OKKUR ÞAR!

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGADU MINNA.

GALLERÍ





Það fauk í þessa

Fellibylurinn Man-yi gekk á land í Japan á mánudag og varð mjög hvasst í höfuðborginni Tókýó eins og þessi kona fékk uppgvötaði þegar það fauk svona hressilega í hana. Mikið vatnsveður fylgdi fellibylnum og gáfu japönsk yfirvöld út sérstaka aðvörun vegna mikilla rigninga. Sérstaklega var óttast að stormurinn myndi lenda á kjarnorkuverinu í Fukushima sem enn er viðkvæmt eftir flóðin 2011.



Opna iðnaðarsvæðið á ný

Milli Norður- og Suður-Kóreu hefur verið starfrækt sameiginlegt iðnaðarsvæði skammt norðan vopnahlésbeltisins. Framleiðslan þar er mikilvæg fyrir Norður-Kóreu og þar starfa 53 þúsund norður-kóreskir verkamenn. Svæðinu var lokað í vor vegna vaxandi spennu milli ríkjanna og kjarnorkuvár að norðan. Svæðið var opnað á ný á mánudag og suður-kóreskum starfsmönnum hleypt norður um hliðið í Paju.

MYND/AFP



Flýja öskugos í Indónesíu

Þessi bóndi teymdi uxa sinn í burtu frá eldfjallinu Sinabung sem hóf að gjósa á þriðjudag. Fjallið er á eldfjallaeyjunni Súmötru og spýtti það grjóti og ösku yfir nærliggjandi héruð. Jafnframt rís mikið öskuský úr eldfjallinu og hafa þúsundir íbúa í Karo-héraði flúið heimili sín.

MYND/AFP



GAS!

Í tvo mánuði hefur Mohammad Zayed þjálfað hóp 26 sýrlenskra sjálfboðaliða í viðbrögðum við efnavopnaárás í Sýrlandi. Zayed er nemi í Háskólanum í Aleppo í norðurhluta landsins, en borgin hefur ekki farið varhluta af borgarastyrjöldinni þar í landi. Á sunnudag æfðu sjálfboðaliðarnir sig í viðbrögðum á vígvellinum, klæddu sig upp í galla sem verja þá fyrir eiturgufum og settu upp gasgrímur.



Fleyting Costa Concordia

Engin flaska var brotin á skrokki skemmtiferðaskipsins Costa Concordia sem fleytt var á mánudag eftir að hafa marað í hálfu kafi við Giglio-eyju við Ítalíu í rúmt ár. Skipið verður rífið í brotajárn. Slysið varð þegar skipstjórinn sigldi þessu risastóra skipi of nærri Giglio með þeim afleiðingum að það strandaði. 32 farþegar létust. Aðgerðin á mánudag er viðamesta verkfræðiverkefni sem ráðist hefur verið í, segja yfirvöld á Ítalíu.



VIÐMÆLANDI VIKUNNAR Aron Jóhannsson, bandarískur landsliðsmaður

Alls engin eftirsjá



VIÐTAL

Pórður Snær Júlíusson
thordur@kjarninn.is



Yfirlýsing KSÍ
eftir að Aron
tilkynnti um
ákvörðun sína:

Aron Jóhannsson verður 23 ára eftir tæpa tvo mánuði. Hann hefur náð miklum árangri sem atvinnumaður í knattspyrnu á undanförunum þremur árum, síðan hann yfirgaf uppeldisfélag sitt Fjölni í ágúst 2010 til að ganga til liðs við AGF Aarhus í Danmörku. Þrátt fyrir að hafa ekki skorað í fimmtán fyrstu leikjum sínum fyrir AGF fór hann á endanum hamförum hjá liðinu. Í janúar 2013 var Aron seldur til AZ Alkmaar í Hollandi en afrekaði samt að vera þriðji markahæsti leikmaður síðasta tímabils í Danmörku, þrátt fyrir að hafa einungis spilað hluta þess. Aron byrjaði rólega hjá AZ. Hann fór í kviðslitsaðgerð skömmu fyrir vistaskiptin og byrjaði því ekki að leika með AZ fyrr en í apríl. Aroni tókst samt að skora þrjú mörk í fimm leikjum á síðasta tímabili. Í ár hefur hann farið mjög sterkt af stað og skorað fjögur mörk nú þegar.

Það er þó ekki frammistaða Arons á vellinum sem hefur beint sviðsljósi íslenskrar umræðu að honum á undanförunum vikum. Í lok júlí sendi hann frá sér yfirlýsingu um að hann hefði ákveðið að gefa kost á sér í landslið Bandaríkjanna í knattspyrnu. Sú ákvörðun olli gríðarlegu fjaðrafoki og var fordæmd af Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ) og formanni þess, Geir Þorsteinsyni. Ástæðan: Aron á íslenska foreldra, hafði búið meginþorra ævi sinnar á Íslandi, alist upp hjá Fjölni og spilað aragrúa ungmennalandsleikja.

Engin sérstök ástæða fyrir valinu

Aron segir enga sérstaka ástæðu ofar annarri fyrir því að hann valdi að spila fyrir Bandaríkin, ekki Ísland. „Á endanum ræddi ég þetta við fjölskyldu mína, umboðsmann og þá sem standa mér næst og tók þessa ákvörðun, sem ég stend mjög sáttur við. Ég fæddist í Bandaríkjunum og bjó þar til ég var þriggja ára. Síðan flutti ég þangað aftur þegar ég var sautján ára í eitt ár.“

Hann segist hafa heyrt af áhuga Bandaríkjamanna á því að fá hann til að leika fyrir þjóðina fyrir rúmlega ári. Jürgen Klinsmann, þjálfari bandaríska landsliðsins, hafi síðan



ARON JÓHANSSON

Aldur

22 ára

Uppeldisfélag

Fjölnir 37 leikir, 13 mörk

Félagslíð

AGF Aarhus 65 leikir, 23 mörk
AZ Alkmaar 11 leikir, sjö mörk

Landslið

Bandaríkin tveir leikir, ekkert mark

hringt sjálfur í hann. Í kjölfarið hafi tekið við yfirlega um hvort hann ætti að leika fyrir Ísland eða Bandaríkin. Eftir að Aron tilkynnti ákvörðun sína sendi KSÍ frá sér tilkynningu þar sem segir meðal annars: „Það eina sem KSÍ hefur fengið ábendingar um frá hagsmunaaðila er að tekjumöguleikar Arons sem leikmanns fyrir Bandaríkin séu allt aðrir og meiri í formi styrktar- og auglýsingatekna en sem leikmanns Íslands. Það er einfaldlega þannig að landsliðsmenn Íslands leika fyrir land og þjóð og hljóta fyrir heiður og sæmd. Það er eindregin ósk KSÍ að Aron snúi baki við hugmyndum sínum um að skipta um landslið.“

Aron segir ekkert í hendi um hvort það fylgi því aukin tækifæri að spila fyrir Bandaríkin né hvort það muni auðvelda möguleikann á til dæmis styrktarsamningum. „Ég veit það ekki, tíminn verður að leiða það í ljós. En ég var svolítið svekktur með að forráðamenn KSÍ fullyrtu að ég væri einungis að velja Bandaríkin út af peningum. Það er alfarið rangt. En að sjálfsögðu hafa þeir sína skoðun á málinu og ég verð að virða hana.“

Í kjölfar yfirlýsingarinnar, og áður en Aron lék sinn fyrsta landsleik fyrir Bandaríkin, sendi KSÍ bréf til bandaríska knattspyrnusambandsins og bað það um að draga valið á Aroni til baka. Geir Þorsteinsson kallaði valið auk þess „afskræmingu á reglum FIFA“. Aron er rólegur yfir þessum gífuryrðum og segir að KSÍ verði að eiga þau við sig og

Fór hamförum

Aron Jóhannsson var frábær hjá AGF í Danmörku og raðaði inn mörkum í danska boltanum. Framganga hans vakti athygli félaga víða í Evrópu en hann ákvað að lokum að ganga til liðs við AZ Alkmaar.





Þann 27. ágúst 2012 skor-
aði Aron hröðustu þrennu
sem skoruð hefur verið í
efstu deild í Danmörku.
Hann skoraði reyndar fjög-
ur mörk, og þurfti einungis
16 mínútur til þess.

starfsmenn sína. Hann viðurkennir þó að hafa orðið var við þær umræður sem sköpuðust í netheimum um málið. Aron segist þó ekki hafa orðið fyrir neinu áreiti vegna ákvörðunar sinnar. „Ég reyndi sem minnst að fylgjast með þessari umræðu en af og til sá ég eitthvað á netinu. Fólk hefur mismunandi skoðanir og er duglegt að láta þær í ljós á netinu. En það hefur ekki verið neitt persónulegt áreiti fyrir mig.“

Er ekki með öruggt sæti í flugvélinni til Brasilíu

Aron lék fyrsta leik sinn fyrir Bandaríkin um miðjan ágúst í vináttuleik gegn Bosníu og Hersegóvínu þegar hann kom inn á á 63. mínútu. Hann var svo valinn aftur í landsliðshópinn fyrir leikina gegna Kosta Ríka og Mexíkó í byrjun þessa mánaðar. Spurður hvernig tilfinningin hafi verið að spila í fyrsta sinn með bandaríska landsliðinu segir Aron að hann hafi verið mjög stoltur yfir því hversu langt hann væri búinn að ná og að sá áfangi væri til vitnis um það. „Ég meiddist síðan á fyrstu æfingu fyrir leikina í september og átti ekki von á því að fá neinar mínútur. Ég fékk samt nokkrar og var ánægður með hvernig þetta þróaðist. Við erum komnir á HM og það eru ennþá tveir leikir eftir í riðlinum. Vonandi fæ ég því fleiri mínútur í næstu leikjum. En ég á ekkert öruggt sæti í flugvélinni til Brasilíu [þar sem HM fer fram næsta sumar]. Við eigum fullt af góðum og reynslumiklum mönnum sem eru að berjast fyrir lífi sínu til að komast með þangað. Ég þarf að vera með 100 prósent fókus og standa mig vel í hverjum einasta leik fyrir AZ og þegar ég fæ sénsinn með landsliðinu. Það er langt í heimsmeistaramótið og ég þarf að sjá til þess að Klinsmann eigi engra annarra kosta völn en að taka mig með.“

Aron hefur spilað mjög vel með AZ Alkmaar í upphafi tímabils. Hvað veldur? „Ég er fullur sjálfstrausts og spila í mjög góðu liði þar sem við reynum að spila mikinn sóknarbolta, sem hentar mínum stíl mjög vel. Hollenski boltinn hentar mér. Það eru mörg lið sem spila sóknarbolta, sem veldur því að leikirnir verða töluvert opnari og lið fá fleiri færi í leik.“



The Iceman Cometh. Spjall við Aron á síðu bandaríska knattspyrmusambandsins.

Hvernig sérðu framtíðina? Í hvaða deildarkeppnum gætir þú séð þig fyrir þér að spila?

„Akkúrat núna er ég leikmaður AZ og einblíni á að standa mig vel hér. En draumaliðið væri eitt af stóru liðunum í bestu deildum í heimi: á Englandi, í Þýskalandi, Ítalíu eða Spáni.“

„Vonandi hittumst við í Brasilíu“

Kynslóð íslenskra leikmanna hefur komið fram á undanförnum árum sem hefur náð mjög langt í evrópskri knattspyrnu. Nægir þar að nefna Gylfa Sigurðsson og Birki Bjarnason, sem spila með stórliðum í Evrópu, og fjölda leikmanna sem spila í Hollandi á borð við Alfreð Finnbogason, Kolbein Sigþórsson, Jóhann Berg Guðmundsson, Guðlaug Victor Pálsson og auðvitað Aron Jóhannsson. Spurður hvað valdi því að þessi kynslóð sé svona góð segir Aron það vera blöndu af bættri aðstöðu, bættri þjálfun, betra hugarfari og aukinni einstaklingsþjálfun. „Ég er hluti af þessari svokölluðu gervigraskynslóð. Um leið og við byrjuðum að æfa á stórum velli vorum við á gervigrasi, sem gerir það að verkum að æfingarnar eru mun betri, og við æfðum á toppvöllum allt árið um kring. Síðan spilar auðvitað hugarfar hvers og eins inn í. Þeir sem eru með markmið um að ná lengra leggja meira á sig en aðrir. Ég gæti ekki hugsað mér betri vinnu en að gera það sem ég elska á hverjum degi og lifa á því. En líf fótboltamannsins hefur líkt og mörg önnur störf, líka galla. Það ganga allir í gegnum erfiðleika í fótbolta og þá kemur í ljós hversu mikinn metnað menn hafa fyrir starfinu.“

Íslenska landsliðinu hefur gengið vel að undanfögnu og er í ágætis tækifæri til að ná inn á heimsmeistaramótið í Brasilíu næsta sumar. Stemningin í kringum liðið og áhugi landsmanna hefur auk þess verið einstakur að undanfögnu, sérstaklega í kringum síðustu tvo leiki. Er engin eftirsjá hjá Aroni með að hafa valið Bandaríkin þegar þannig árar? „Nei, það er alls engin eftirsjá og ég vona að Íslandi gangi sem best og fylgist með öllum leikjunum hjá liðinu. Ég horfði á leikinn gegn Sviss og var mjög ánægður fyrir hönd strákanna. Ég á nokkra vini í liðinu þannig að það er ekki erfitt að sam

gleðjast þeim. Ekki skemmdi fyrir að Jói [Jóhann Berg Guðmundsson, félagi Arons hjá AZ Alkmaar] skoraði líklega flottustu þrennu sem ég hef nokkurn tímann séð. Eftir tvo síðustu leiki eru þeir í bullandi séns og sýndu að þeir eru með hörkulið. Ég þekki nánast alla í liðinu og þeir hafa allir verið mjög skilningsríkir og hafa virt ákvörðun mína. Það hafa þjálfararnir líka gert. Vonandi hittumst við í Brasilíu.“

Framtíðin er annars frekar óráðin hjá Aroni, enda er líf atvinnumanns í knattspyrnu fallvalt og getur breyst á alla vegu á svipstundu. Hann segist enn eiga eftir að eiga samræður um hvar hann hyggist búa eftir að að ferlinum lýkur, þá umræðu eigi hann eftir að taka við kærustuna sína. Aron segist hins vegar vel geta hugsað sér að leika í MLS-deildinni í Bandaríkjunum áður en að þeirri ákvörðun kemur. „Ég hef hugsað um að spila í MLS-deildinni frá því að ég fór út í skóla í Flórída þegar ég var sautján ára og bjó þar í eitt ár. En frá því að ég fór fyrst út hef ég sagt að ég vilji enda ferilinn hjá liðinu mínu í Grafarvoginum, Fjölni. Það verður síðan að koma í ljós þegar ég hætti í atvinnumennsku hvort ég er nógu góður fyrir stórveldið í vöginum.“

Bosch-dagar

Þýsk gæða-heimilistæki
frá Bosch nú á frábæru
tilboðsverði.

Made by
Germans



Þú sparar 10.000 kr.



Uppvottavél

Mjög hjóðlátar, 44 dB.
Orkuflokkur A++. 14
manna. Fimm kerfi.
Séraðgerðir: Tímastyttung
kerfa, kraftpvottur og
kraftþurrkun.

Tilboð (hvít):

SMU 58M22SK

139.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.

Tilboð (stál):

SMU 58M25SK

149.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.

Ryksuga

BSGL 32238

2200 W. Hepa-sía.
Parkethaus fylgir með.
Vinnuradius: 10 metrar.

Tilboð:
24.900 kr.

Fullt verð: 34.900 kr.

Þú sparar 50.000 kr.



Kælikápur, úr stáli (kámfrír)

KGN 36NL20

Orkuflokkur A+. NoFrost:
Affrysting óþörf. Tvö
kælikerfi. Kæli: 221 lítra.
Frystir: 86 lítra. H x b x d:
186 x 60 x 60 sm.

Tilboð:
149.900 kr.

Fullt verð: 199.900 kr.

Þurrkari

WTW 84100SN

Barkalaus. Tekur mest 7
kg. Orkuflokkur A+.
Sérkerfi: Þróttafatnaður
og 40 mín. hraðkerfi.
Nýjung: Sjálfhreinsandi
rakapöttir.

Tilboð:
149.900 kr.

Fullt verð: 189.900 kr.



Þú sparar 40.000 kr.

Bakstursofn

HBA 23B151

XXL ofnrými: 67 lítra.
Orkuflokkur A. Fimm
hitunaraðgerðir.

Tilboð:
99.900 kr.

Fullt verð: 144.900 kr.



Þú sparar 45.000 kr.

Pvottavél

WAE 28271SN

Tekur mest 7 kg.
Orkuflokkur A+++.
Hámarksvindhraði: 1400
sn./mín.

Tilboð:
119.900 kr.

Fullt verð: 149.900 kr.



Þú sparar 30.000 kr.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á
laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH
BÚÐIN

Hlíðasmára 3 • www.bosch.is • Sími 520 3090

Já, það er hægt að kenna gagnrýna hugsun

ÁLIT



Kristján G. Arngrímsson
framhaldsskólakennari

Ef til er klassískt íslenskt heimspekirit hlýtur það að vera greinin sem Páll Skúlason skrifaði fyrir tæpum tuttugu árum og heitir: Er hægt að kenna gagnrýna hugsun?

Það ég best veit hefur þessari spurningu ekki enn verið svarað afdráttarlaust. En það þarf að fá svar við henni því að undanfarin ár hefur í samfélaginu farið mikið fyrir kröfu um slíka kennslu á þeim forsendum að 2007 og hrunið hafi sýnt fram á alvarlegan skort á þessu fyrirbæri, gagnrýninni hugsun. Helst hefur verið horft til fræðasamfélagsins um að veita fræðsluna sem þarf. Enn er krafan uppi, sem bendir til að fræðasamfélagið hafi ekki brugðist við með þeim hætti sem hið almenna samfélag telur viðunandi.

Helsta ástæðan fyrir því að fræðasamfélagið hefur ekki brugðist við er sú að það er engin eining meðal fræðimanna um það hvað gagnrýnin hugsun er. Í fræðasamfélaginu hefur vissulega geisað mikil umræða og ráðstefnuhald um gagnrýna hugsun og hvað hún sé en þessi umræða hefur enn sem komið er ekki skilað neinu nema sjálfri sér. Það er að segja, ekki hefur fengist nein niðurstaða sem hægt er að leggja fram á almennum vettvangi, svona eins og þegar vísindamenn greina frá því að þeir hafi fundið lækningu við einhverjum sjúkdómi.

Og það verður að segjast eins og er að ólíklegt má telja að fræðaheimurinn muni nokkurn tíma leggja fram slíka niðurstöðu. Því muni kröfu samfélagsins um gagnrýna hugsun aldrei verða svarað á þann hátt sem samfélagið væntir. Meginástæðan fyrir þessari kannski dapurlegu ályktun er sú að í fræðaheiminum er umræða hinn eiginlegi veruleiki. Þess vegna er umræðan það eina sem fræðaheimurinn getur „framleitt“ (sem reyndar er hálfgerð skammaryrði í fræðaheiminum) en það sem krafan í samfélaginu er um er eitt-hvað áþreifanlegra en umræða.

Þessu til viðbótar þarf að nefna að þegar umræða um gagnrýna hugsun fer fram á almennum vettvangi virðist fræðasamfélagið ekki fært um að mæta til þátttöku. Ég veit ekki hvers vegna, en líklegast eru „tungumálaörðugleikar“ skýringin. Það er að segja, fræðasamfélagið hreinlega skilur ekki orðfæri hins almenna vettvangs og á hinum almenna vettvangi hljómar orðfæri fræðasamfélagsins eins og latína. Með orðalagi fræðanna myndi maður segja að þarna væri um tvö ólík málspil að ræða.

Vitum hvernig vísindaleg hugsun er

Um daginn var ég á fundi þar sem siðfræðingar fjölluðu um fagið sitt og meðal annars um möguleika á kennslu í siðfræði og hvernig hægt væri að hagnýta siðfræði; hvort tveggja efni um það hvernig fræðin tengjast umhverfi sínu. Fræðingarnir eyddu þar töluverðu púðri í að segja frá því hvað hugmyndir og væntingar almennings til siðfræðinnar væru oft kjánalegar og byggðar á miklum misskilningi. Að einhverju leyti var þarna um gamla, góða menntahrokann að ræða en kannski var þetta þó frekar einhvers konar varnarviðbragð siðfræðinnar með það að markmiði að tryggja sjálfsforræði hennar.

En ef hægt á að vera að kenna gagnrýna hugsun í skólum, eins og krafa samfélagsins hljóðar upp á, þarf umræða fræðasamfélagsins um hana að skila einhverju meira en sjálfri sér. Fyrsta skrefið í áttina að því er að umræðan verði opnari fyrir því sem aðrir en fræðingarnir sjálfir hafa fram að færa – að fræðingarnir verði opnari fyrir öðru málspili en sínu eigin og fari ekki strax í vörn fyrir það.

Hér að ofan var minnst á vísindamenn. Kannski liggur svarið við kröfunni um gagnrýna hugsun, og kennslu í henni, í vísindalegri hugsun. Við vitum hvernig vísindaleg hugsun er. Allir hugvísindamenn hljóta að samþykkja að vísindaleg hugsun sé gagnrýnin (þeir munu reyndar benda á að hún geti ekki gagnrýnt sjálfa sig) og hún er sannarlega kennd í skólum.

Er þá svarið við spurningu Páls einfaldlega já, það er hægt að kenna gagnrýna hugsun, og svarið við kröfu samfélagsins um aukna gagnrýna hugsun einfaldlega að það þurfi að auka kennslu í vísindalegri hugsun?

Það er að minnsta kosti tillaga. Jafnvel efni í ráðstefnu.



Smelltu til lesa grein
Páls Skúlasonar

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is

Íslandsmótið í menntun

ÁLIT



Gylfi Þorkelsson
framhaldsskólakennari

Margir átta sig á því að menntun er lykill að farsæld, þótt vitaskuld megi finna ágæt dæmi um að menn komist vel af án langrar skólagöngu. Ég hygg að allir stjórn mála-flokkar hafi það til dæmis á stefnuskrá sinni með einhverjum hætti að „hækka menntunarstig“, enda sé það forsenda fyrir nýjum tækifærum, nýjum störfum, nýjum og auknum útflutningstekjum – já, hagvexti framtíðar.

Til að ná þessu markmiði þarf að vinna að því að sem flestir haldi áfram námi sem lengst og einhverjir vaxi upp í að verða frumkvöðlar og standi fyrir nýsköpun og þróun sem leiði samfélagið fram á við, helst í fremstu röð í samkeppni þjóðanna. Og þá kemur til kasta nægilega vel menntaðs vinnuafls að sinna öllum nýsköpuðu og þróðu störfunum.

En menntun er auðvitað dýpra hugtak en svo að hægt sé að afgreiða það á svo einfaldan hátt. Menntun er fyrst og síðast mikilvæg fyrir hvern einstakling, stuðlar að jákvæðri sjálfsvitund, siðferðisþroska og velferð. Að þessu leyti verður menntun ekki mæld í einkunnum og prófgráðum og allur samanburður gerist erfiður, jafnvel ómögulegur, en líka tilgangslaus, því að lífsfylling eins verður trauðla sett á mælistiku annars.

Undanfarið hafa á ný orðið háværar raddir sem telja keppnisanda líklegastan til að bæta skólastarf. Gamalkunn er umræðan um nauðsyn þess að bera saman skóla eftir meðal-einkunnum nemenda á lokaprófum: sá skóli sé bestur þar sem meðaleinkunnin er hæst og lægsta meðaleinkunnin sé áumur afrakstur starfs í „lélegasta“ skólanum. Helstu rökin fyrir slíkum samanburði eru að hann sé nauðsynlegur fyrir foreldra og nemendur, svo þeir geti tekið upplýsta ákvörðun um val á skóla, og ekki síður hollar stjórnendum og starfsfólki (í „lélegu“ skólunum) til að geta nú tekið sig á.

Þeir sem hafa gefið sér tíma til að hugleiða málið litla stund, og ekki eru pikkfastir í trúarbragðafræði frjálsrar samkeppni, vita að allir aðrir mælikvarðar en meðaleinkunn nemenda á lokaprófi eru betri til að meta gæði skóla og skólastarfs. Fyrir þá sem verða að hafa „beinhardar staðreyndir“ í höndunum, samanburðartölur, er strax skárri að skoða meðaleinkunnir ákveðins nemendahóps annars vegar við innritun og hins vegar við útskrift. Þannig má hugsanlega nálgast þann „virðisauka“ sem hver skóli skapar og bera þá svo saman ef það er málið.

Við þessi gamalkunnu stef hafa nýverið bæst nokkrar raddir á sama tónsviði. Nú er hafin ný sókn að styttingu framhaldsskólans og boðaðar hafa verið auknar kröfur um námsframvindu á háskólastigi til að fá námslán. Báðar þessar aðgerðir eru til þess hugsaðar að spara fé. En þær munu jafnframt hafa ófyrirsjáanleg áhrif á líf og framtíðar-áætlanir fjölda ungmenna. Þær munu lítil áhrif hafa á „bestu nemendurna“ sem búa við „bestu aðstæðurnar“. En þessi aukna keppnisharka í skólakerfinu mun hrekja stóran hóp fólks frá námi, fólk sem þarf vegna fjölskylduaðstæðna, efnahags, heilsufars eða námsörðugleika af ýmsum toga að glíma við fleira í lífinu en bara námið. Er það rétta leiðin til að hækka menntunarstig þjóðarinnar?

Steininn tók þó úr þegar fram komu kröfur um að raða skólum í Reykjavík eftir árangri á lesskimunarprófum í 2. bekk. Staðreyndin er sú að upplýsingar af þessu tagi eru persónulegar og eiga ekkert erindi við aðra en nemendurna sjálfa, foreldra þeirra og kennara. Þær geta gagnast í því samhengi að setja viðkomandi barni persónulega námskrá. Það mun heita á fræðimáli „einstaklingsmiðað nám“ og er talið fínt um þessar mundir. Gæðaröðun grunnskóla eftir lestrarfærni sjö ára barna er ekki bara tilgangslaus, heldur arfaslæm hugmynd sem mun hafa neikvæðar afleiðingar til langs tíma, meðal annars á sjálfsmynd barna og íbúa í heilu hverfunum, þar sem til dæmis er hátt hlutfall fólks með annað móðurmál en íslensku, og fyrirsjáanlegt er að lestrarfærni á framandi máli í upphafi skólagöngu er ekki fullkomin. Hún mun ala á ranghugmyndum og skekkja sjálfsmynd margra, styrkja til dæmis þá „elítuhugsun“ sem meira en nóg er af nú þegar.

Það er yfrið nóg af keppni í skólakerfinu: Gettu betur, Skólahreysti og fleira í sama dúr gera meira en að seðja keppnisþörfina. Ef sú braut verður gengin áfram sem nú er farið að feta sig eftir, og skólarnir gerðir að einhvers konar leikvöngum fyrir „Íslandsmeistaramótið í menntun“, er raunveruleg hætta á ferðum.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundi verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is

Hagræðing og háskólar

ÁLIT



Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri
Viðskiptaráðs Íslands

Eins og fáum dylst er frekari hagræðingar í rekstri hins opinbera að vænta. Menntakerfið er meðal stærstu kostnaðarliða hins opinbera, en árið 2012 var um 17% af heildarútgjöldum varið í málaflökkinn ([sjá hér](#)). Það væri því óraunhæft að ætla að framlag hins opinbera til menntunar geti staðið óhaggað.

Með hliðsjón af því hversu þungt stefna í menntamálum vegur í vegferð þjóða að bættum lífskjörum er þó mikilvægt að vanda til verka. Áframhaldandi breitt aðgengi að menntun eflir samkeppnishæfni og verðmætasköpun auk þess að stuðla að fjölþættum samfélagslegum framförum. Um þessi sjónarmið ríkir almenn sátt á Íslandi og því er mikilvægt að standa vörð um gæði menntunar og tækifæri almennings til að njóta hennar.

Útlagar í háskólamálum

Framlag til menntamála á Íslandi er nokkuð hátt í alþjóðlegum samanburði ef miðað er við heildarútgjöld sem hlutfall af landsframleiðslu ([sjá hér](#)).

Í ljósi þeirrar staðreyndar kemur því ýmsum á óvart að hlutfallslegt framlag á hvern íslenskan háskólanema er það lægsta innan OECD-landanna, eða um 40% undir meðalframlagi ([sjá hér](#)). Ísland er enn fremur eina landið sem ver minni fjármunum á hvern háskólanema en grunnskólanema. Að meðaltali verja OECD-ríki 70% meira fjármagni í hvern háskólanema en grunnskólanema en á Íslandi snýst taflíð við og hver grunnskólanemi kostar 8% meira en hver háskólanemi.

Afar ólík þróun eftir skólastigum

Á föstu verðlagi hafa útgjöld til menntamála, mæld sem fjárframlög á hvern nemanda, aukist um 6% á síðustu 15 árum. Heildartalan segir þó lítið um þá þróun sem hefur átt sér stað innan skólakerfisins.

Þannig hefur fjárframlag til hvers grunnskólanema aukist verulega yfir tímabilið, um 29%. Á sama tíma hefur framlag til hvers framhaldsskólanema lækkað um 16% og háskólum er nú úthlutað um 31% minni fjármunum á hvern nemanda en fyrir 15 árum ([sjá hér](#)). Þannig hafa fjármunir beinlínis færst frá háskóla- og framhaldsskólastigi yfir á grunnskólastig.

Mælikvarðar á námsárangur hafa haldist nokkuð stöðugir innan grunnskólakerfisins og kjör helstu starfsstétta eru áframhaldandi bitbein í kjaraviðræðum. Það bendir því flest til að kerfislægir þættir valdi þessum mikla kostnaðarauka fremur en uppbygging kerfisins.

Hvað er til ráða?

Þegar horft er á leiðir til hagræðingar í menntamálum eru tvær meginleiðir færar. Annars vegar er hægt að draga úr þeim fjölda nemenda sem kerfið sinnir og hins vegar minnka kostnað við hvern nemanda sem fer í gegnum kerfið. Í því samhengi verður illa komist hjá því að taka fyrir ýmsar heilagar kýr og gera kerfislægar breytingar í menntamálum ([sjá hér](#)).

Hækkun innritunargjalda í háskólum myndi gera þeim betur kleift að mæta lækkun ríkisframlaga án þess að draga úr gæðum háskólamenntunar. Mögulega má ná fram hagræðingu með fækkun háskóla niður í tvo til þrjú. Þar má þó ekki líta framhjá þeim ábata sem hlotist hefur af aukinni samkeppni á háskólastigi og hugmyndir um einn háskóla eru vægast sagt skammsýnar.

Á framhaldsskólastigi felst stærsti mögulegi ávinningurinn í fækkun námsára úr fjórum árum í þrjú. Til lengri tíma myndi slíkt ekki einungis draga úr kostnaði kerfisins heldur einnig skila ungu fólki fyrr á vinnumarkað með tilheyrandi ábata fyrir hagkerfið. Fyrstu skref í þessa átt hafa þegar verið tekin innan ákveðinna skóla og er það fagnaðarefni.

Að lokum er óumflýjanlegt að horfast í augu við þær staðreyndir sem blasa við í grunnskólakerfinu. Það má vel færa fyrir því rök að íslenskt grunnskólakerfi nái ekki sömu hagkvæmni og þéttbyggðari ríki með hærri meðalaldur. Engu að síður blasa við ýmsir möguleikar til hagræðingar innan grunnskólakerfisins. Þar eru einkum fjórir þættir sem standa upp úr:

- Fækka mætti námsárum í grunnskólum úr tíu árum í níu ár. Samhliða fækkun námsára á framhaldsskólastigi myndi þetta færa Ísland á sama stað og flest nágrannaríki okkar.
- Kostnaður á hvern nemanda meðal smærri grunnskóla landsins er afar ólíkur. Ætla má að forsendur séu fyrir rekstrarumbótum þar sem kostnaðurinn er hæstur ([sjá hér](#)).
- Með því að fækka rekstrareiningum mætti draga úr stjórnunar- og umsýslukostnaði. Með þessu er ekki átt við að skólar verði sameinaðir, heldur reknir sem starfsstöðvar í stað aðskilinna rekstrareininga.
- Að lokum er ástæða til að staldra við þann mikla kostnað sem fer í laun annarra starfsmanna en kennara. Þegar umframkostnaður við hvern grunnskólanemanda er brotinn niður samanborið við meðaltal OECD má sjá að 60% mismunarins má rekja til kostnaðar vegna annars starfsfólks en kennara ([sjá hér](#)).

Samstöðu þarf um heildstæða endurskoðun

Menntun er hornsteinn samkeppnishæfni þjóða og stefna í málaflökknum hefur áhrif á flesta þætti samfélagsins. Við núverandi kringumstæður, þar sem áframhaldandi hagræðingaraðgerðir eru fyrirsjáanlegar í rekstri hins opinbera, er því afar brýnt að horfa á menntastefnuna í heildstæðu samhengi. Fjármuni þarf að nýta með sem bestum hætti á öllum stigum skólakerfisins til að hægt sé að tryggja gæði náms og hvetjandi starfsskilyrði kennara.

Það er því afar brýnt að stjórnvöld, sveitarfélög og aðrir hagsmunaaðila taki höndum saman um heildstæða endurskoðun á menntakerfinu. Til að svo geti orðið þarf opinþá umræða að eiga sér stað um mögulegar umbætur. Tölur og staðreyndir gefa tilefni til að ætla að hægt sé að ná betri árangri með tilheyrandi ávinningi fyrir samfélagið.

Kjarninn tekur á móti aðsendum greinum. Ekki er tekið við greinum lengri en 700 orð. Mynd af höfundu verður að fylgja. Sendið greinar á ritstjorn@kjarninn.is



Gillz krefur son fyrirverandi ráðherra um milljón

Virðing hans, æra og persóna hafi beðið
hnekki vegna myndbirtingar á Instagram

DÓMSMÁL

Ægir Þór Eysteinnsson
aegir@kjarninn.is

Priðjudaginn 24. september fer fram aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í meiðyrðamáli sem Egill „Gillz“ Einarsson hefur höfðað á hendur Inga Kristjáni Sigurmarssyni.

Samkvæmt stefnu málsins, sem Kjarninn hefur undir höndum, er þess krafist að Ingi Kristján verði dæmdur til refsingar, greiðslu miskabóta og ómerkingar á ærumeiðandi aðdróttunum, sem stefndi er sakaður um að hafa viðhaft á myndasíðunni Instagram hinn 22. nóvember síðastliðinn.

Inga Kristjáni, sem er sonur Álfheiðar Ingadóttur, fyrirverandi ráðherra og þingmanns Vinstri grænna, er gefið að sök að hafa birt mynd af Agli á myndasíðunni, þar sem búið var að teikna kross á hvolfi á enni Egils og skrifa orðið „aumingi“ þvert yfir andlit hans yfir myndatextanum: „Fuck you rapist bastard“.


Í stefnunni segir að í myndatextanum felist ærumeiðandi aðdróttanir og þess er krafist að hann verði dæmdur dauður og ómerkur. Þá er þess krafist að Ingi Kristján verði dæmdur til að greiða Agli eina milljón króna í miskabætur og 150 þúsund krónur til að kosta birtingu forsendna og niðurstöðu dóms í málinu í dagblaði auk alls málskostnaðar.

Samkvæmt stefnunni birti Ingi Kristján umrædda mynd á Instagram sama dag og umdeilt viðtal við Egil Einarsson birtist á forsíðu Monitors, fylgirits Morgunblaðsins. Myndin

ingikristjan

Ingi Kristján Sigurmarsson

52 photos 102 followers



af Agli sem Ingi Kristján er sakaður um að hafa breytt og birt á Instagram er forsíðumyndin á áðurnefndu blaði. Myndinni sem Ingi Kristján er sakaður um að hafa birt á Instagram var dreift á netinu, sem varð að lokum að frétt á [fréttasíðunni Vísi](#).

Í umræddu viðtali við Egil í Monitor ræddi hann opinskátt



um sakamál þar sem hann var með réttarstöðu sakbornings vegna meintra kynferðisbrota. Þar lýsti hann lífsreynslu sinni af því að vera ranglega sakaður um kynferðisbrot og afleiðingar þess fyrir sig. Ríkissaksóknari hafði þá nokkru áður ákveðið að fella niður málin á hendur Agli og byggði niðurstöðu sína á því að það sem fram hefði komið við rannsókn málsins væri ekki nægilegt eða líklegt til sakfellingar.

Egill sakar Inga Kristján um að hafa vegið með alvarlegum hætti að æru sinni með uppátækinu og þegar ljósmyndin og myndatextinn séu metin heildstætt sé ljóst að í þeim felist aðdróttanir þess efnis að hann sé sjálfur antikristur, aumingi sem nauðgi konum.

Þá segir orðrétt í stefnunni: „Stefndi gerir engan fyrirvara við aðdróttanir sínar þrátt fyrir vitneskju um niðurfellingu áðurgreindra sakamála. Aðalatriðið hjá stefnda er því að úthrópa stefnanda opinberlega sem aumingja og nauðgara. Sannleikurinn er aukaatriði. Stefndandi er einfaldlega aumingi, djöfull í mannsmynd sem nauðgar konum. Hér birtist dómstóll götunnar í sinni verstu mynd. Stefndi telur sig þess umkominn að sakfella stefnanda fyrir nauðgun og kalla stefnanda aumingja og antikrist. Aftakan fer fram á Instagram án dóms og laga.“

Í rökstuðningi Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl., lögmanns Egils, fyrir miskabótakröfunni er upphæðin meðal annars rökstudd með því að virðing Egils hafi beðið hnekki með myndbirtingunni, æra hans og persóna. Þá sé Agli ljóst að hann þurfi að þola meiri og hvassari umfjöllun en aðrir vegna frægðar sinnar en hann eigi hins vegar stjórnarskrárvaninn rétt til æruverndar.

Aðalmeðferð í málinu fer fram í Héraðsdómi Reykjavíkur á þriðjudaginn í sal 203 klukkan 14.00.



Friðhelgi einkalífsins – löggjafinn á hálum ís

ÁLIT



Kristín Edwald
hæstaréttarlögmaður

Framþróun tækninnar hefur gert það að verkum að einfalt og fljótlegt er að safna saman upplýsingum um einstaklinga, tengja saman upplýsingar úr ólíkum áttum, geyma þær, vinna úr þeim og bæta stöðugt nýjum upplýsingum við. Frá tæknilegu sjónarhorni eru engin takmörk fyrir því að kortleggja einstaklinga og líf þeirra í smáatriðum; takmörkin felast hins vegar í aðgengi að upplýsingunum. Þróunin hefur verið tiltölulega hröð en ekki hefur farið mikið fyrir almennri umræðu um hvernig beri að umgangast slíka upplýsingasöfnun hin síðari ár, þ.e. eftir að opinberu umræðunni um gagnagrunn á heilbrigðisviði lauk.

Upplýsingasöfnun og vinnsla persónuupplýsinga getur átt fullkominn rétt á sér og leitt margt gott af sér en alltaf verður að nálgast slík verkefni með gagnrýnni hugsun. Staðan var gjörólík fyrr á árum þegar möguleikar á söfnun, samkeyrslu, úrvinnslu, dreifingu og geymslu voru ekki jafn aðgengilegir, einfaldir og fljótlegir og nú. Er því mun brýnna nú að vera ávallt á verði svo ekki sé gengið á þau grundvallarmannréttindi sem fólgin eru í réttinum til friðhelgi einkalífs.

Friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu er vernduð af 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í undantekningartilfellum heimilar stjórnarskráin að takmarka megi friðhelgi einkalífs. Til þess þarf sérstaka lagaheimild og brýna nauðsyn verður að bera til vegna réttinda annarra, eins og kveðið er á um í 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Síðastliðinn þriðjudag samþykkti Alþingi breytingar á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð. Í breytingunum felst að Hagstofunni er nú heimilt að krefja Íbúðalánasjóð, fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóði, LÍN og önnur fyrirtæki og opinbera aðila sem stunda lánastarfsemi í atvinnuskyni eða samkvæmt lögum um upplýsingar um lánveitingar þeirra til einstaklinga og lögaðila. Á þetta meðal annars við um upplýsingar um hver sé lántaki, hvort hann hafi staðið í skilum eða hver séu vanskil hans. Nær heimildin þannig til upplýsinga um stöðu láns, skilmála, upphafs- og lokagjalddaga, fjölda afborgana, vaxtakjör, tegund lántöku, afborganir og innáborganir, verðbætur og áfallna vexti, greiðslueiginleika, veð og tryggingar að því er varðar lán til húsnæðiskaupa, vanskil og úrræði í þágu skuldara sem tengjast láninu, auk upplýsinga um uppgreiðslu.

Er þetta afar víðtæk heimild um rétt til að safna saman og vinna úr persónuupplýsingum.

Frumvarpið að lagabreytingunni tók breytingum í meðförum þingsins enda höfðu umsagnaraðilar gert þó nokkrar alvarlegar athugasemdir við frumvarpið eins og það var í upphaflegri mynd. Komið var til móts við hluta athugasemdata. Eftir stendur spurningin hvort uppfyllt séu skilyrði stjórnarskrárinnar um að brýna nauðsyn beri til að takmarka friðhelgi einkalífs vegna réttinda annarra.

Persónuvernd hefur í umsögnum sínum til Alþingis vegna þessa máls ítrekað lýst yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem ráðgerð er með lögnum. Hefur Persónuvernd efasemdir um nauðsyn þess að komið sé á fót opinberum gagnagrunni með jafnvíðtækum persónuupplýsingum og um ræðir til að grípa megi til aðgerða til að greiða úr fjárhagsvanda fjölskyldna og einstaklinga. Taldi Persónuvernd að í frumvarpinu skorti útskýringar á því hvers vegna þörf væri talin á svo víðurhlutamiklum afskiptum af friðhelgi einkalífs.

Ég tek undir álit Persónuverndar. Fullnægjandi rök hafa ekki komið fram um að brýna nauðsyn beri til í skilningi 71. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka friðhelgi einkalífs með þessum hætti, með opinberum gagnagrunni sem inniheldur allar þessar upplýsingar á einum stað. Upplýsingar um nöfn lántakenda, hvort þeir hafi alltaf staðið í skilum eða ekki, hvenær þeir hafi greitt af lánunum og hvaða fjárhæð í hvert sinn, svo dæmi séu tekin.

Þegar um jafn mikilvæg réttindi er að ræða og réttinn til friðhelgi einkalífs verður löggjafinn að gæta sín og vanda betur til verka. Löggjafinn er kominn út á hálum ís í umgengni við grundvallarmannréttindi einstaklinga.



Vandamálín
Bjarni Benediktsson,
fjármála- og efnahags-
ráðherra og formaður
Sjálfstæðisflokksins, er
með mörg úrlausnarefni
á borði sínu sem tengj-
ast ríkisfjármálunum.
MVND/AFP

Í skoðun að minnka forðann

STJÓRNMÁL
Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is



Smelltu til að
skoða fjárlög
ársins 2013



Smelltu til að skoða
upplýsingar um
gjaldeyrisforðann

Stjórnvöld eru nú að skoða það í fullri alvöru að minnka vaxtabyrði ríkissjóðs með því að minnka gjaldeyrisforða þjóðarinnar. Vergur gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands nam um 471,8 ma. kr. í lok ágúst og lækkaði um 2,7 ma. kr. milli mánaða. Hreinn gjaldeyrisforði, þ.e. erlendar eignir að frádrögnum erlendum skammtímaskuldum, nam um 391,2 ma. kr. í lok ágúst 2013 samanborið við 392,9 í lok júlí 2013. Nettó útgreiðslur gjaldeyrisigna Seðlabankans og ríkissjóðs fyrir næstu 12 mánuði eru áætlaðar um 80,6 ma. kr. miðað við lok ágúst 2013 samanborið við 81,6 ma. kr. miðað við lok júlí 2013.

Minnska forðann, minnska vaxtagreiðslur

Það sem er til skoðunar er að minnska forðann með því að skila hluta af forðanum, sem er að mestu fenginn að láni. Með því yrði hægt að minnska árlegar vaxtagreiðslur til muna. Miðað við fjárlög þessa árs eru vaxtagreiðslur áætlaðar ríflega 88 milljarðar króna, eða sem nemur ríflega 15 prósentum af fjárlögum ársins. Bjarni Benediktsson, efnahags- og fjármálaráðherra, vinnur að því að leggja línurnar fyrir fjárlög næsta árs, en frumvarp til fjárlaga verður kynnt 1. október næstkomandi. Ljóst er að hægt er að minnska vaxtagreiðslur árlega verulega, jafnvel um tugi milljarða á ári, með því að minnska forðann.

Mest í erlendum verðbréfum

Sé mið tekið af upplýsingum Seðlabankans frá því í ágúst síðastliðnum skiptist gjaldeyrisforðinn með eftirtöldum hætti: Seðlar og innistæður tæplega 50 milljarðar, 406 milljarðar í erlendum verðbréfum, 10,6 milljarðar í gulli og 3,4 milljarðar í fé frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS).

Í samhengi við annað

Tillögur um að minnska forðann, sem nú eru til skoðunar hjá stjórnvöldum, eru skoðaðar í samhengi við önnur mál sem snúa að ríkisfjármálunum. Þar á meðal er áætlun um afnám hafta og síðan áætlun um tekjur og gjöld, það er hina hefðbundnu fjárlagavinnu. Miklir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskt þjóðarþjú þegar kemur að vaxtagreiðslum ríkissjóðs. Til samanburðar má nefna að miðað við fjárlög fyrir árið 2013 nema vaxtagreiðslur ríkissjóðs upphæð sem samsvarar öllum framlögum sem heyra undir mennta- og menningarmálaráðuneytið og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Sú upphæð nemur ríflega 86 milljörðum króna.

Eftirfarandi kafli hér að neðan var upphaflega unninn fyrir bókina Ísland ehf. sem greinarhöfundur vann ásamt Þórði Snæ Júlíusssyni, ritstjóra Kjarnans, en hann var ekki í lokaútgáfu bókarinnar. Í kaflanum er rakið í stuttu máli hvernig vandi Íslands blasti við Davíð Oddssyni, þáverandi formanni stjórnar Seðlabankans og nú öðrum tveggja ritstjóra Morgunblaðsins. Þar er meðal annars komið inn á það hvernig hann horfði á erlendar lántökur og krónueign erlendra aðila hér á landi, en hann var andsnúinn þeirri leið sem varð ofan á hjá stjórnvöldum, það er að vinna samkvæmt áætlun með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Davíðsleiðin

Davíð Oddsson var alfarið á móti þeirri leið sem stjórnvöld vildu fara eftir hrúnið, það er að semja við AGS um aðstoð og fá frekari lánaþyrirgreiðslu frá erlendum þjóðum á grundvelli hennar. Davíð taldi að mögulegt væri að framkvæma neyðaraðgerðina, á grundvelli neyðarlaganna, þannig að íslenska ríkið kæmi ekki út úr þessum aðstæðum skuldum vafið heldur frekar þokkalega sett til þess að takast á við endurreisnarstarfið sem blasti við. Hann talaði enn fremur fyrir því, ekki síst innan Seðlabankans en einnig við trúnaðarmenn sína utan hans, að Ísland gæti vel leyst vandamál sín eitt og óstutt. Erlend lánaþyrirgreiðsla frá AGS gæti þvert á móti verið mikil mistök, dregið úr getu landsins til viðspyrnu og unnið gegn meginmarkmiði neyðarlaganna.

Þegar fulltrúar AGS komu hingað til lands og unnu með stjórnvöldum að lausn, haustið 2008, margítrekaði Davíð þær skoðanir sínar, meðal annars við Geir H. Haarde forsætisráðherra, að AGS ætti ekki að lána okkur stórar upphæðir og vera með puttana í áætlanagerð stjórnvalda á erfiðum tímum. Afstaða hans, samkvæmt samtölum við trúnaðarmenn og samstarfsfólk, mótaðist ekki síst af því að hann leit aðstæðurnar haustið 2008 þeim augum að neyðarlagaaðgerðina ætti að nýta með þeim hætti að íslensk stjórnvöld væru með bankakerfið í höndunum, og þar með hagsmuni meira og minna alls atvinnulífsins, og þyrftu ekki að stofna til mikilla skulda í erlendri mynt til þess að verja þessa hagsmuni. Vandí Kauppings, Glitnis og Landsbankans hefði verið djúpstæðari en nokkurn hefði grunað.

Í andmælabréfi sínu til Rannsóknarnefndar Alþingis, lýsir Davíð stöðu bankanna við hrúnið svona: „Bankarnir höfðu þá bersýnilega verið notaðir um langa hríð með grófasta hætti sem eins konar þrautavaralánastofnanir fyrir yfirskuldsett og margveðsett fyrirtæki helstu eigenda bankanna og nánustu viðskiptafélaga þeirra. Rekstrar- og eignagrundvöllur þeirra var því hruninn löngu fyrir þann tíma, sem í almennri umræðu og í þessum skýringum hafa verið kallaðir hrundagarnir. Þessari stöðu verður helst líkt við að lækna „opni“ sjúkling með krabbameinseinkenni og verði þegar ljóst að hann var fyrir löngu dauðanum helgaður, og engin læknisúrræði geri framfar gagn.“

Viðbrögð Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og annarra fulltrúa stærstu hluthafa Glitnis við þeirri aðgerð Seðlabankans að lána Glitni 800 milljónir evra og eignast um leið 75 prósent hlutafjár reittu Davíð til reiði og sagði hann samstarfsfólki sínu í Seðlabanknum það skýrt og skörinort. Í andmælabréfi sínu greinir hann stöðu Glitnis og viðbrögð Jóns Ásgeirs, þar sem hann sagði meðal annars í viðtali að aðgerðin væri „bankarán“, með eftirfarandi hætti: „Kallaði hann [Jón Ásgeir innsk.] hugmyndir um tugmilljarða framlag skattborgara í banka hans, sem eigendur og stjórnendur höfðu komið í þrot, opinberlega „stærsta bankarán Íslandssögunnar“. Sami dró í fjóra daga að boða hluthafafund í bankanum meðan á áróðursherferðinni stóð. Það geta því allir sanngjarnir menn séð af hverju þessi tilraun ríkisstjórnar Íslands til að bjarga því sem bjargað varð missti trúverðugleika, og fjármagn tók að fjara undan og úr bankanum. Þá var smám saman að koma fram að ekki var allt sem sýndist um eignarhald og lánastarfsemi bankans. Eigna- og fjárhagsstaða hans var miklu mun lakari en endurskoðaðir og áritaðir reikningar, jafnt árs, sem fjórðunga, og álagspróf Fjármálaeftirlitsins höfðu gefið til kynna. Það er hægt að gefa sér nú, þegar flest kurl eru komin til grafar, að þessum banka hafi naumast verið viðbjargandi. Þeir sem fölsuðu mynd af stöðu hans og þeir sem staðfestu þá mynd aftur og aftur að viðlögðum heiðri sínum og sérþekkingu hljóta að þurfa að gefa skýringar á því.“

Ekki síst af þessum sökum, það er hversu illa bankarnir stóðu þegar á reyndi, vildi Davíð að neyðarlagasetningin og aðgerðin í kjölfarið tæki mið af nauðsyn þess að íslenska ríkið færi með forráð yfir fjármálakerfinu og endurreisn þess. Þannig gæti það lagað efnahagslífið hratt að nýjum og erfiðum aðstæðum. Í einkasamtölum við helsta samstarfsfólk margítrekaði hann andstöðu sína við lántökur frá AGS og sagði þær glapræði. Davíð hafði á sumarmánuðum 2008 rætt við þáverandi bankastjóra Seðlabankans í New York, Timothy Geithner, en hann var jafnframt aðstoðar-seðlabankastjóri Seðlabanka Bandaríkjanna. Þeir ræddu saman á göngunum og þegar fundað var á aðalfundi AGS í Washington spurði Davíð hvort Seðlabanki Íslands gæti fengið allt að þriggja milljarða dala lán frá bandaríska seðlabankanum. Geithner gaf þá í skyn að vandi Íslands væri það mikill að það skipti engu máli hvort þetta lán myndi skila sér. Í bók Styrmis Gunnarssonar, rithöfundar, blaðamanns og fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, Umsátrið – fall Íslands og endurreisn, segir að Geithner hafi kallað það „Koss dauðans“ að leita til AGS um aðstoð.

Daninn Poul Thomsen, hagfræðingur hjá AGS, var fulltrúi sjóðsins hér á landi þegar bankarnir hrundu í október 2008. Davíð var fljótur að sýna honum viðhorf sín og sagði á fundi í Seðlabankanum, þar sem þeir tveir voru meðal fundargesta, að AGS réði því ekki hvernig málum væri háttað í Seðlabanka Íslands. „You do not set the agenda in my house“ – þú leggur ekki línurnar í mínu húsi – sagði Davíð og lagði áherslu á orð sín.

Davíð hafði einnig ákveðna sýn á það hvernig mætti leysa úr þeim vanda sem stöðjaði að hagkerfinu vegna mikillar krónueignar erlendra aðila. Allt frá hrúni hefur sá vandi verið nefndur snjóhengjan í þjóðmálaumræðunni. Davíð talaði um það inn á við í Seðlabankanum að það væri mögulegt að leysa úr þeim vanda með uppboðum og höfðu þær hugmyndir meðal annars verið ræddar við erlenda ráðgjafa. Markmið slíkrar aðgerðar var að losa um þrýsting á gengi krónunnar, hratt, og stilla erlendu krónueigendunum, sem ekki höfðu hugsað sér að fjárfesta á Íslandi til langframa, upp við vegg. Þeir yrðu að setta sig við miklar niðurfærslur á krónueignum sínum. Fjármagnshöft væru þá óþörf, en Davíð var alfarið á móti því að þau yrðu sett á. Ekkert annað ætti að vera í boði fyrir erlendu krónueigendur.

Þetta hugsaði Davíð sem hluta af neyðarlagaaðgerðinni. En þessar hugmyndir voru „kæfðar í fæðingu“ eins og einn heimildarmanna innan Seðlabankans, komst að orði. Eftir að ríkisstjórn Geirs H. Haarde ákvað að gera samkomulag við AGS um aðstoð við endurreisn hagkerfisins varð ekki aftur snúið. Sjónarmið Davíðs urðu undir.

Davíð var afar ósáttur við þetta og taldi Geir og ráðherra í ríkisstjórn hans, úr Sjálfstæðisflokki og Samfylkingunni, hafa valið ranga leið út úr ógöngunum. Að hans mati áttu neyðarlögin og aðgerðir í kjölfar þeirra, í samstarfi stjórnvalda og Seðlabankans, að fela í sér þrjú meginatriði, samandregin.

1. Að skapa tryggingu fyrir starfhæfu fjármálakerfi sem væri á ábyrgð ríkisins og Seðlabankans. Það væri forgangsmál. Ríkið ætti að eiga og reka fjármálakerfið í fyrstu og hagræða innan þess, í samræmi við mat á skuldum og eignum.
2. Að losa um þrýsting á krónuna vegna mörg hundruð milljarða krónueignar erlendra aðila í íslenska hagkerfinu, sem meðal annars máti rekja til svonefndra jöklabréfa (e. glacier bonds), þar sem fjárfest hafði verið í krónubréfum vegna mikils vaxtamunar Íslands við önnur markaðssvæði. Þetta átti að gerast með uppboðum. Fjármagnshöft yrðu því óþörf, en Davíð óttaðist að þau myndu verða til mikils tjóns fyrir hagkerfið.
3. Að leita ekki til AGS. Davíð vildi heldur að stjórnvöld og Seðlabankinn héldu um þræðina, án utanaðkomandi aðstoðar og mikillar lántöku í erlendri mynt. Það taldi hann að gæti skapað mikil vandamál vegna þess hve hagkerfið var veikburða strax í kjölfar hruns bankanna.

Með öðrum orðum: Davíð vildi ekki fara þá leið sem að lokum var valin, það er að stofna til samstarfs við AGS, taka lán hjá sjóðnum og öðrum ríkjum, og hefja endurreisnarstarfið á á þeim grunni. Hann vildi að íslensk stjórnvöld endurreistu hagkerfið, bæru ábyrgð á fjármálakerfinu á Íslandi án aðkomu kröfuhafa og mörkuðu stefnuna til framtíðar á þeim grunni.



Útsala, útsala, á þér!

ÁLIT



Birgitta Jónsdóttir
alþingismaður

Ég man eftir því, þegar ég byrjaði að kóða vefsíður árið 1995, hve auðvelt það var að ná í upplýsingar um þá sem heimsóttu vefsíðurnar; einföld skipun og ég hafði aðgengi að alls konar draugum sem fylgdu hverri heimsókn viðkomandi. Þetta var löngu fyrir Facebook, og Google var ekki leitarvélin heldur skreið maður um netheima sem voru skilgreindir sem vefir og kóngulær voru myndlíkingin. Ég var svo lánsöm að vinna með hugsjónafólki og frumkvöðlum í netheimum og fékk þar af leiðandi upplýsingar og þekkingu á PGP og mikilvægi dulkóðunar, ég var snemma meðvituð um að senda tölvupósta var eins og að senda póstkort. Ég upplifði hve snögg NSA er til verka þegar ég póstaði ljóði á ensku gegn Íraksstríðinu á heimasíðu minni. Ég var varla búin að pósta ljóðinu þegar ég fékk heimsókn frá Homeland Security.

Strax í árdaga netsins komu fram aðilar með dulkóðunarlausnir sem gerðu það mögulegt fyrir þessa örfáu nörda sem skildu mikilvægi dulkóðunar og hvert við myndum stefna í framtíðinni varðandi yfirgripsmiklar aðgerðir yfirvalda við að fylgjast með öllum sem notuðu netið. Til að skilja upphaf dulkóðunar á netinu og frá hvaða hugmyndafræði hún sprettur mæli ég með bókinni *This Machine Kills Secrets*. Tæknin til að hylja slóð sína hefur verið í stöðugri þróun og töluverður árangur hefur náðst. Þeir sem unnu að þessari tækni voru alltaf nokkrum skrefum á undan yfirvöldum en svo kom Facebook.

Línur dregnar í sandinn

Með tilkomu Facebook og þróunar hjá Google má segja að nýjar línur hafi verið dregnar í sandinn þegar kemur að því hvernig við sjálf skilgreinum friðhelgi einkalífs. Facebook býður manni að vera notandi án þess að borga nema með friðhelgi einkalífs okkar. Þar ganga persónuupplýsingar okkar kaupum og sölu, til annarra fyrirtækja og svo auðvitað til yfirvalda. Tækni þeirra hefur þróast á þann veg að meira að segja persónuleg samskipti á spjallrásinni og í skilaboðaskjöldunni eru skönnuð til að ýta að okkur auglýsingum sem hitta beint í hjartastað. Við erum orðin eitt allsherjar markaðstorg og það er bara allt í lagi, er það ekki? Ég hef ekki gert neitt sem ég þarf að fela, þar af leiðandi er allt í lagi að sleppa tókunum á almennum mannréttindum mínum og annarra, því það er notalegt að fá að vita bara það sem ég vil vita.

Fjölmarginir fóru að nota Facebook á annan máta en til var ætlast; mörg mótmæli og samfélagsumbyltingar hafa átt uppruna sinn þar. Grasrótin blómstrar sem aldrei fyrr og auðvelt er að ná til fjölda fólks til að láta það vita af viðburðum án mikillar fyrirhafnar. Fæstir vissu áður en Edward Snowden lak upplýsingum um það hvernig Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) misnotar vald sitt til að þróa eftirlit með öllu sem við gerum, hverjum við tengjumst, hvað við tölum um, hverju við deilum og hvernig við skrifum, lesum, horfum á eða mótmælum. NSA er komið inn á heimilin okkar, veit hvenær við sofum og með hverjum. Yfirvöld sækja sér sífellt víótækari heimildir og ef þær fást ekki taka þau sér það vald, til að mæla okkur og meta án þess að við höfum gefið þeim leyfi og oftast án þess að hafa tilefni til þess. Hugsanalöggan er komin til að vera, netlöggan er komin til að vera og við getum bara sjálfum okkur um kennt, því það er almennt vitað að það er ekki til neitt í viðskiptum sem heitir ókeypis. Verðið sem við erum að borga fyrir andvaraleysi okkar er nú þegar allt of hátt, enginn getur stoppað þetta nema við sjálf. Facebook, Google, Apple og Microsoft hafa öll gerst sek um að hjálpa yfirvöldum að fylgjast með okkur og hafa sum fengið borgað fyrir það, við erum öll aðalleikarinn í *The Truman Show*. Nauðsynlegt er endurskilgreina friðhelgi einkalífs og móta lög í alþjóðasamhengi þar að lútandi.

TAKMARKIÐ AÐ VERÐA BESTUR

„Ég ætla að verða
einn af bestu
hlaupurum í heimi.
Það er takmark sem
ég hef unnið að síðan
ég var krakki.“

Kári Steinn Karlsson,
langhlaupari.

An ódýra
uppfylliefna

Bragðgott
grænifóður í
þeytingun

Fjólvitamin með
steinefnum fyrir
karla

Fjólvitamin með
steinefnum fyrir
konur



NOW er breið lína
hágæða fæðubótarefna
sem eru án allra
óæskilegra aukefna, svo
sem litar-, bragð- og
rotvarnarefna og ódýrra
uppfylliefna.



Gæði • Hreinleiki • Virkni





Setningar sem selja – kynntu þér málið

MARKAÐSMÁL

Kári Sævarsson &
Ragnar Jónsson
*hugmynda- og
textasmiðir*

Taktu skrefið og lestu fræðandi grein: Þegar þér hentar. Sparar tíma og peninga. Alveg eins og þú vilt hafa hana. Persónuleg skoðun höfunda. Við skrifum meira fyrir þig. Aðeins í þetta eina skipti. Lestur sem þú getur ekki látið framhjá þér fara.

Flestir sem lesa, heyra eða horfa á auglýsingar kannast við svona setningar. Kíkjum aðeins undir yfirborðið og veltum því fyrir okkur hvað liggur að baki. Hvað segja frasararnir um samfélagið sem við tilheyrum? Er verið að vekja ákveðnar tilfinningar hjá móttakandanum? Eigum við eftir að sitja uppi með þessar klisjur á meðan Kringlan og Smáralind eru uppistandandi?

Þú ræður

Alveg eins og þú vilt hafa það. Sniðin að þínum löngunum. Hvar og hvenær sem er. Þegar þér hentar. Þitt val. Þitt líf.

Nútímaeinstaklingurinn er ofurseldur alls konar öflum sem ráða yfir lífi hans. Hann er tannhjól í gangverki kapítalismans, múrsteinn í veggnum, og fórnarlamb forsendubrests af mörgu tagi.

Hvað er þá meira heillandi en vara sem lofar að leyfa honum að ráða ferðinni, svona einu sinni til tilbreytingar. Löngunin til að vera sjálfs sín herra þroskast hjá mannskepnunni frá barnsaldri; allt frá fyrsta „Nei, ég vil ekki–



MORGUNBLAÐIÐ

VIKUBLAÐIÐ: ÍSAFOLD.

13. ág. 47. töl.

Frídaginn 26. febr. 1936.

Sæðisprentingna h. f.

NOTIÐ AÐEINS

Íslenska dáska í fót. — Hó nýkomid fyrirtæki fara efni, mjög óþgrt. — Sjórættalega gott efni í „Sportist“ hve-gi betra en í

Afgr. Alafoss,
Hafnarstræti 17,
Sími 404.

DAMLA 350

Kúttar Stormsvalan

Þessu og hefndi sjónsanna og hlygðarhúsi í 8 þjóttum, eftir aðlöngu Brak 7. Hættu Ónema. Afhættu. Íslav.

Kúttar Þorfford, Robert Franz, Einoe Adner.

Kúttar Stormsvalan ein með öllum tilgangum svavöndu sem hjer hefur verið sýnd.

REIÐHESTUR

af síðu með smáskilum.
A. S. I. vísar á.

Nýkomid:
hvítkál og rauðrófur

Nýlenduvörudeld

Jes Zimsen

Fjölþreigt úrval
af Særdinum
fyrir lægsta verð.
Irma, Sími 223.

Germanía.
Dansteikur

Ósmátt kvíði í Stól. Afgrættislaust afh. í Moma. Andróndu í Dag. M. 4-2 og á morgun. á sama tíma.

Kartöflur

fengum yfir með E. S. Gullfoss.

Mjólkrufjöl Reykjavíkur.

Skrifstofustarfi.

Ung og mjúg stúlka, sem kann hálfræði, þessu fröguð stúlkun á stúlkunni hjer í hvern að þessu. Umhverfingur með endurkoma. Hinn sama fyrir.

Hjálparstúfur, smákerfi „Stúlkunastarfi“, sama upp-þingunum sem kvíttu, verð og smákerfi. af til eru, hefur til hús á A.S.I. fyrir smákerfi.

Heyrnartól (Hovedtelefoner)

hefi jeg fyrirleggjandi, ágæt tegund.

Július Björnsson,
Einkisfjölþreigtislaus.

Reiðhestur

af síðu með smáskilum.
A. S. I. vísar á.

Nýkomid:
hvítkál og rauðrófur

Nýlenduvörudeld

Jes Zimsen

Fjölþreigt úrval
af Særdinum
fyrir lægsta verð.
Irma, Sími 223.

Rjúpur

Agnetur hær í Herðubreið, Sími 678

Spinet

Hinn gæta þessu með sinu sama „Spinet“ (agretur). Þessu eru við öllu hær.

Ísl. smjör

best í Herðubreið.

Konan.

Sjónleikur í 8 þáttum. Afhættuverk leikur: Norma Talmage.

Hinn einstunni agjer Norma hína miklu leikfélleika, sem hjer þessu fyrir flesta — af ökkli síla aftra leikarun. — Eftir að hafa sjeð þessu hennar í þessari mynd, verður maður að sílla að ökkli sje haugi að gæra betur.

Afmælis-
Tækifærisgjafir

fyrir öðrum og hvern féð þessu í öðrum öðrum hjer

Helene Kummer,
Hágrættislausu, Afhættu 6.

Reykid ökki CIGARETTUR

nema þessu sjeu göðar

Craven „A“

er einu sigarettugundin, er hjer er til með það fyrir segjum, að öðrum ökkli haldin: hjer er hefur þessu er öðrum sigarettur.

Craven „A“

er sigarettan þessu. CRAVEN „A“ sigarettur hjer hjer öðrum.

Reykid Craven „A“

er samferlið um ágæti hennar.

Bestu

ENRIQUE MOWINKEL
Bilhan (Spala)
— Stofun árið 1947 —
Seltikkar og hvern
Smákerfi „Stúlkunastarfi“

atvikinu“ við matarborðið yfir í smákóngatilburði fullorðinsáranna. Sammannleg og ævaforð hegðun, en sóknin inn á þessi tilfinningalegu með sjálfstæðisins í auglýsingum er hlutfallslega nýtilkomin.

Ef kíkt er í gömul dagblöð á tímarit.is er til að mynda erfitt að finna dæmi um þennan þankagang. Þar eru flestar auglýsingar einfaldar tilkynningar og mesta gildishleðslan felst í því að sagt er að vörur séu nýjar eða séu göðar.


Í ofgnóttarsamfélaginu þarf hins vegar að ganga lengra í að kynda undir sölnunni. Auglýsingaspekúlantar hafa líka haldið því fram að eftir að vörur urðu einsleitari á síðari hluta tuttugustu aldar hafi þörfin fyrir tilfinningalega samsömun á milli framleiðanda og neytanda aukist. Levi's tók til dæmis stökkið frá því að

Einfalt og áhrifaríkt Skilaboðin sem birtast á þessari síðu í Morgunblaðinu er flest einföld og auðskiljanleg. Fá orð með skýrum skilaboðum um að varn sé göð.

vera þúkalegar gallabuxur yfir í að vera sjálfstæðisyfirlýsing þeirra sem vildu synda á móti straumnum eins og í sagði í auglýsingunni: When the world zigs, zag.

Tímapressan – þú mátt engan tíma missa

Frummaðurinn var háður duttlungum náttúrunnar; veiðidýr gáfu ekki alltaf færi á sér og uppskera var árstíðabundin. Þess vegna var líf frummansins oft blanda af langri bið



WHEN THE WORLD ZIGS, ZAG.

Standa upp úr
Levi's fór úr því að vera með fremur hefðbundnar og púkalegar gallabuxur sem aðalsmerki í að koma fram þá ímynd að Levi's væri fyrir þau sem vildu synda á móti straumnum.

og mjög miklum hasar. Honum var lífsnauðsynlegt að geta stokkið til og gripið tækifærin þegar þau gáfust. Nútíma- maðurinn, sem enn hefur mikið af hvötum frummannsins, þarf líka að vera reiðubúinn að grípa tækifæri. Við þurfum ekki að eltast við dýr merkurinnar og flest okkar sækja ekki sjóinn eða síga í björg. Í staðinn nýtum við tilboð sem auglýst eru með frösom eins og: Komdu strax, aðeins í þetta eina sinn, gríptu tækifærið. Og síðasta dag útsölnnar: allt á að fara, hlauptu og kaupu, hraðtilboð, hafðu hraðar hendur og lifðu núna. Ekki bíða!

Tímappressan býr til keppni úr kaupunum og virkjar þetta frumeðli okkar að nýta færin þegar þau gefast. Enda kannast margir við keppnina sem felst í því að í að kaupa sem dýrastan hlut á sem lægstu verði eða eins og það útleggst á auglýsingamáli, gæði á góðu verði og mikið fyrir lítið. Jafnvel miklu meira fyrir miklu minna.

Láttu það eftir þér

Leyfðu þér smá, láttu það eftir þér og ekki láta neitt stoppa þig því þú átt meira skilið.



Lífið er fullt af möguleikum, freistingum og draumum. Lífið er líka fullt af óhollum mat og óskynsamlegum óþarfa; tilvistin er ein allsherjar togstreita á milli þess að leyfa sér og neita sér um. Það er ofurmannlegt að lifa meinlætalífi og þeir eru fáir sem ná miklum árangri á þeim vettvangi en þeim mun fleiri sem setja dæmið þannig upp að á annarri vogar-skálinni séu athafnir sem eru göfugar og hollar og á hinni skálinni séu verðlaun; syndir og syndaaflausn. Auglýsendur geta nýtt sér þetta með góðum árangri.

Þú átt skilið að slappa af, að skella þér í sólina, að njóta lífsins.

Næsta bylgja

Mörgum finnst eflaust sumir af ofantöldum frösnum vera orðnir þreyttir og lúnir en þeir eru langlífir og seigir af því að þeir gera út á djúpstæðar mannlegar tilfinningar. Þeir eru birtingarmyndir nútímans og iðnvæddra framleiðsluhátta; hinnar endalaus útfgnóttar og löngunarinnar að fá sem mest lífsgæði fyrir peningana. Við megum því alveg eins búast við því að heyra hvatningar um að grípa tækifærið, að hafa hlutina eins og við viljum eða láta það eftir okkur í mörg ár enn. Það verður að koma í ljós hvort nýtilkomnar viðbætur við frasaflórana eins og deildu og upplifðu verða eins rót-fastar.



Nýir iPhone-símar
þeir eru litríkir, nýju
iPhone 5c símarnir, en
bæta ekki miklu við
tæknilega.

Litir og klassískt útlit á nýjum iPhone

TÆKNI

Magnús Halldórsson
magnush@kjarninn.is

Hugbúnaðar-, fjarskipta- og tölvurísinn Apple kom fram með nýja síma á markað í síðustu viku, iPhone 5c og iPhone 5s. Formlega voru þeir kynntir 10. september þegar stjórnendateymi fyrirtækisins fór yfir það nýjasta sem Apple er að koma fram með þessa dagana. Tim Cook, forstjóri Apple, fjallaði um nýjungarnar auk þess að ræða um nýjar búðir sem Apple var að opna og iOS 7 stýrikerfið.

Stór orð

„Þetta eru breytingar sem við höfum verið að bíða eftir,“ sagði Cook í kynningu sinni á meðan gestirnir, að mestu starfsmenn Apple í höfuðstöðvunum í Kaliforníu, klöppuðu og blístruðu af ánægju. Breytingarnar sem boðaðar voru komu þó mörgum á óvart, fyrst og fremst vegna þess að þær voru ekki mjög viðamiklar í samanburði við þær sem Apple hefur kynnt á svipuðum fundum áður.

Litir og betri tækni

Nýi síminn iPhone 5c einkennist af litadýrð og samræmdu litavali í gegnum allan hugbúnað símans. „Það er einstök tilfinning að nota þennan síma,“ sagði Tim Cook í kynningu sinni. Símarinn er fánlegur í fimm litum; grænir, gulir, bláir, ljósrauðir og hvítir. Litirnir eru ekki aðeins áberandi í umgjörð þeirra heldur líka í öllum hugbúnaði á skjánum. Þannig er grænn bakgrunnslitur á skjánum í græna símanum, blár í bláa símanum og svo framvegis. Með þessu vill Apple bjóða upp á mýkri línu og nýja hönnunarupplifun, eins og það var orðað í kynningu á símanum. Að öðru leyti eru símarinn ekki með neinum merkilegum nýjungum umfram iPhone 5 nema hvað upphafsstýrikerfi þeirra er uppfærð útgáfa af iOS 7 og rafhlaðan er aðeins stærri. Síminn mun kosta 550 Bandaríkjadali út úr búð, eða sem nemur 66 þúsund krónum. Líklega mun verðið því ekki fara niður fyrir 100 þúsund krónur hér á landi.

Fallegt og dýrt

iPhone 5s var kynntur sem nokkurs konar flaggskip frá Apple þegar kemur að símunum. Hann er með þeirri nýjung helstri að vera með fingrafaraskanna sem á að auka öryggi notenda. Þá er myndavélin í símanum uppfærð með meiri gæðum en í iPhone 5 símunum, þar á meðal nýrri tækni við að taka upp og sýna myndskleið hægt í hárrí upplausn. Auk þess á myndavélin að taka betri myndir við fjölbreyttari aðstæður þar sem hún fangar meira ljósmagn og getur þannig skilað betri myndum. Símarinn er úr áli og fánlegur





iPhone 5S í fleiri litum
Nýju símarnir fást gylltir,
silfraðir og dökkgráir.

MYND/AFP

Í þremur litum, gull, silfur og dökkgráir. Örgjörvinn í tölvu símans er nýr A7-örgjörvi sem á að vera tvöfalt öflugri en A6-örgjörvinn sem er í iPhone 5.

Fyrst og fremst á iPhone 5s-síminn að vera fyrir þá sem vilja klassískt og fallegt útlit á símanum sínum og aðeins það besta tæknilega sem er í boði.

Markaðurinn er oft sagður harður húsbóndi þegar nýjar vörur eru annars vegar. Fjárfestar tóku þessum nýju vörulínunum frá Apple ekki vel og lækkaði markaðsvirði fyrirtækisins um fimm prósent eftir að Tim Cook hafði kynnt símana. Í umfjöllun Wall Street Journal var á það minnst að fjárfestar væru hræddir um að Apple hefði tapað nýsköpunargáfunni eftir að Steve Jobs féll frá, enda hefur ekki enn komið fram stór nýjung frá því að hann lést hinn 5. október 2011.



Skop



Samfélagið segir...



ANDRI SNÆR MAGNASON @AndriMagnason
Sægreifi á ensku? Er það Codfather?
Miðvikudagurinn 18. september



GÍSLI MARTEINN @gislimarteinn
Aðalnúmerið á Hátíð vonar er gaur sem er frægur fyrir að vera sonur Billy Graham. Hefði þetta ekki bara mátt heita Hátíð sonar?
Miðvikudagurinn 18. september



SIGRUN DAVIDSDOTTIR @sigrunda
#Iceland: debate on capital controls in parliament today. No plan. Wish to squeeze bns from foreign creditors, for debt relief, complicates.
Miðvikudagurinn 18. september



HEIÐA KRISTÍN @heidabest
Það er bannað að vera í gallabuxum á Alþingi. En það er ekki bannað að vera í hvítum sportsokkum og lakkskóm. #truestory
Þriðjudagurinn 17. september



BJÖRG EVA ERENDSDÓTTIR
Framskrittspartiet í Noregi segist ekki vera hægriskrumflokkur og sérstakan fjölmiðlafund til að afneita Breivik. Erlendir fjölmiðlar sinntu málinu ekki. Var fréttamatið rétt? Hefði verið kranablaðamennska að gefa skýringum flokksins pláss núna, eða átti flokkurinn rétt á að koma þeim að í tengslum við ríkisstjórnarmyndun?
Miðvikudagurinn 18. september



PÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR
rauða flispeysan mín er horfin. Kannski hafa aðgerðarsinnar með tískuvit stolið henni.
Miðvikudagurinn 18. september



BJÖRN ÞORLÁKSSON
Er í meistaranámi mínu að lesa góða ameríska bók sem heitir Digital Disconnect. Þar er farið mörgum orðum um hve aukinn ójöfnuður veiki lýðræði vegna þess að lýðræði í hnotskurn geri ráð fyrir að borgarar séu jafnir. Í því samhengi hikar bókarhöfundur ekki við að kalla það spillingu þegar stjórnvaldsaðgerðir verða til þess að hygla hinum ríkari á kostnað hinna, t.d. með skattaaðgerðum, undanþágu frá gjöldum eða öðrum fríðindum. Mér verður hugsað til sumarverka stjórnarinnar okkar. Ekki síst vegna tíðinda um 80 milljarða króna hagnað hjá sjávarútveginum...
Miðvikudagurinn 18. september



MAGNÚS GEIR EYJÓLFSSON
Mikið vildi ég hafa verið í bíl á umferðarljósonum við Glæsibæ um korter í 10 í morgun. Þá hefði ég fengið að sjá hvar asnalegur hjólreiðamaður panikkaði þegar bandið á tölvutöskunni slitnaði og í örvæntingarfullri tilraun sinni við að bjarga tölvunni rykkir hann í frambremsuna og flýgur fram fyrir sig og fær hjólið ofan á sig. Sjitt hvað það hefði verið myndið að sjá það.
Miðvikudagurinn 18. september



ÞERRUM TÁRIN


903 1000 | 903 3000 | 903 5000

Hjálpum þeim sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða og söfnum fyrir nýrri geðgjörgæsludeild Landspítalans.

eftir Birgi Þór Harðarson

Sterkasta teymi Ferrari til þessa





I Formúlu 1 er Ferrari goðsögn, ævarandi keppnautur og best studda keppnisliðið fyrr og síðar. Enginn bílaframleiðandi sem keppt hefur í þessari efstu deild mótorsports í heiminum getur státað af jafn mikilli sögu enda hefur ekkert lið skráð sig til leiks öll árin sem heimsmeistaramótið hefur verið haldið, nema Scuderia Ferrari. Það er ótrúlegt til þess að hugsa að liðið hefur unnið fjórðung allra móta sem það hefur verið skráð í í Formúlu 1, meira en nokkuð annað lið.



Smelltu til að horfa á fyrsta hluta heimildarmyndar um Ferrari í Formúlu 1

Kappakstursökumönnum þykir því mikill heiður að fá að aka Ferrari-bíl í Formúlu 1. Þegar Giancarlo Fisichella fékk loks tækifærið árið 2009 til að leysa af slasaðan Felipe Massa var haft eftir honum að æskudraumur hans væri að verða að veruleika. Sömu sögu má eflaust segja um alla unga ítalska öikumenn; takmarkið á ferlinum er að aka fyrir Ferrari.

Keppnistímabilið í Formúlu 1 er nú í fullum gangi. Síðast var keppt á heimavelli Ferrari á Ítalíu, í smábænum Monza rétt utan Milánó. Keppnisbrautin er sögufræg fyrir margar sakir og hafa þar verið haldnir margir frægir kappakstrar á þeim ógnarhraða sem brautin býður upp á. Áherslan á hraðann, æsinginn og keppnina hverfur þegar Formúla 1 heimsækir Monza ár hvert og er það að þakka gallhörðum stuðnismönnum Ferrari. Þeir eru kallaðir „tifosi“, veifa rauðum Ferrari-fánum og elska ekkert meira en að sjá rauðmálaða bíla Ferrari þjóta hjá. En í ár fengu ekki aðeins rauðu fánarnir að fljúga eins og alltaf heldur einnig fánar þar sem kallað var eftir að Kimi nokkur Räikkönen fengi tækifæri hjá Ferrari á ný.

Aðeins þremur dögum eftir kappaksturinn á Ítalíu sendi ítalska liðið frá sér tilkynningu þess efnis að Räikkönen myndi taka við af Felipe Massa á næsta ári. Eftir vangaveltur fjölmiðla síðustu mánuði um hvar finnski sérvitringurinn myndi aka árið 2014 var hann ráðinn aftur til Ferrari eftir nokkurra ára fjarveru.

ENDURKOMUR TIL FERRARI

Jacky Ickx – sneri aftur 1970



Belginn Ickx náði best 2. sæti í heimsmeistarakeppninni árin 1969 og 1970. Hann ók fyrst fyrir Ferrari 1968 en hélt til Brabham fyrir vertíðina 1969. Ferrari sá að sér og greip hann strax aftur.

Fjöldi móta í endurkomu: 47

Bestu úrslit í endurkomu: 1. sæti

Clay Regazzoni – sneri aftur 1974



Svisslendingurinn Regazzoni fékk annað tækifæri hjá Ferrari eftir að Luca di Montezemolo varð framkvæmdastjóri keppnisliðsins og hristi upp í starfsliðinu. Regazzoni mælti um leið

með Niki Lauda vini sínum í hinn bílinn.

Fjöldi móta í endurkomu: 45

Bestu úrslit í endurkomu: 1. sæti

Mario Andretti – sneri aftur 1982



Andretti ók tvö tímabil með Ferrari í byrjun áttunda áratugarins en sneri aftur og ók í tveimur mótum árið 1982 til að leysa Didier Peroni af sem lamaðist í slysi í Þýskalandi.

Fjöldi móta í endurkomu: 2

Bestu úrslit í endurkomu: 3. sæti

Gerhard Berger – sneri aftur 1993



Gerhard Berger ók fyrir Ferrari á myrkum skeiðum í sögu liðsins. Niki Lauda sannfærði Ferrari um að reynsla hans væri mikilvæg til að byggja liðið upp og Berger varð hæst launaði ökuþórinn

1993. Sama ár átti hann stóran þátt í að fá Jean Todt til liðsins sem síðar gerði Michael Schumacher að sjöföldum heimsmeistara.

Fjöldi móta í endurkomu: 49

Bestu úrslit í endurkomu: 1. sæti

Kimi Räikkönen - snyr aftur 2014

Fjölmiðlar höfðu einnig gert því skóna að hann myndi fara til Red Bull og aka við hlið ríkjandi heimsmeistara, Sebastian Vettel. Aðeins það að hann skuli vera endurráðinn til Ferrari eftir að hafa hætt fyrir nokkrum árum þykir nokkuð markvert. Aðeins fjórir aðrir ökuþórar hafa snúið aftur til Ferrari síðan árið 1973 þegar regla komst á skipanir ökuþóra í Formúlu 1.

Eftirmaður Schumachers

Ferrari-liðið stóð frammi fyrir stórrri ákvörðun í lok árs 2006 þegar Michael Schumacher ákvað að hætta í Formúlu 1. Þá hafði Schumi ekið í heil tíu ár fyrir ítalska liðið. Kimi Räikkönen var ráðinn til að fylla þetta stóra

skarð sem Schumi skildi eftir í Ferrari-liðinu. Og honum tókst ágætlega til sitt fyrsta ár með Ferrari og vann heimsmeistaratitilinn árið 2007. Því takmarki hafði hann aldrei náð hjá McLaren, þar sem hann ók áður. Titillinn var ekki auðsóttur fyrir Finnann unga því McLaren-ökumennirnir tveir, þeir Fernando Alonso og Lewis Hamilton, gerðu báðir tilkall til titilsins. Þegar tvö mót voru eftir var Räikkönen 17 stigum á eftir Hamilton í fyrsta sæti. Þá voru aðeins gefin 10 stig fyrir sigur, þannig að Räikkönen átti tölfraðilegan séns en þurfti á kraftaverki að halda. Tveir sigrar í lokamótinu og nýliðamistösk Hamiltons gerðu það að verkum að Räikkönen fór heim með stóra bikarinn.

Hefði ekki verið fyrir ósætti milli Alonso og Hamiltons hefði annar þeirra að öllum líkindum státað af heimsmeistaratitlinum árið 2007. Alonso varð nefnilega hundfúll þegar hann komst að því að Hamilton, þá á fyrsta ári sínu í Formúlu 1, gat auðveldlega skákað honum á brautinni. Rífrildið náði hámarki í tímatökum fyrir ungverska kappaksturinn þegar Alonso hélt liðsfélaga sínum í gíslingu á viðgerðasvæðinu svo að Hamilton gæti ekki bætt tíma sinn í tímatökunum. Martin Whitmarsh, liðsstjóri McLaren, sagði strax eftir að tímatökunum lauk að Alonso yrði tekinn á teppið innan liðsins vegna þessa. Viðbrögðin og það sem á undan hafði gengið sannfærði Alonso enn frekar um að Hamilton væri vinsælli innan liðsins. Spænski gullkálfurinn Alonso sagði starfi sínu lausu hjá McLaren áður en liðið fékk tækifæri til að sannfæra hann um að halda kyrru fyrir.

Alonso snéri aftur til Renault, liðsins sem hafði gert hann að heimsmeistara í tvígang og dáði hann meira en nokkuð annað, fyrir tímabilið 2008. Þegar það var hálfnað voru þegar farnar á kreik sögusagnir um að Renault væri aðeins biðstöð fyrir Alonso, sem biði eftir að keppnissæti hjá Ferrari yrði laust. Á sama tíma virtist Kimi hafa misst áhugann á Formúlu 1 og hætti í Formúlu 1 í lok árs 2009 til að reyna fyrir sér í rallakstri. Alonso



Smelltu til að horfa á samantekt um atvikið í Ungverjalandi



Räikkönen og Alonso
Síðasti heimsmeistaratitill
Ferrari kom árið 2007 þegar
Räikkönen hagnaðist á
deilum Alonso og Hamilton
hjá McLaren. MYND/AFP



Smelltu til að sjá slysið
sem Massa varð fyrir í
Ungverjalandi 2009

var þá, fyrir réttum fjórum árum í dag, kynntur sem ökumaður Ferrari.

Undanfarin ár hafa þeir Fernando Alonso og Felipe Massa ekið fyrir Ferrari. Alonso, fyrrverandi heimsmeistari, vann titilinn tvisvar árin 2005 og 2006, og er í miklu uppáhaldi hjá stuðningsmönnum Ferrari. Hann hefur verið ógnarfljótur í Ferrari-bílnum og með einhverjum óútskýrðum göldrum gert sig líklegan til að vinna heimsmeistaratitilinn síðastliðin þrjú ár jafnvel þó að Ferrari-bílarnir hans hafi ekki verið fyrir fram taldir geta komist svo langt. Massa, á hinn bóginn, hefur átt erfitt uppdráttar eftir slysið 2009. Hann hefur alls ekki skilað því sem Ferrari-liðið hefur krafist af honum og jafnan verið langt á eftir Alonso í keppnum.

Óvanaleg uppstilling hjá Ferrari

Kimi Räikkönen mun að öllum líkindum veita Fernando Alonso gríðarlega harða samkeppni á næsta ári. Síðan Kimi snéri aftur í Formúlu 1 árið 2012 hefur hann ekið



Smelltu til að sjá árekstur
Prost og Senna í Japan
1989




Smelltu til að sjá árekstur
Senna og Prost í Japan
1990

stórkostlega og skilað áreiðanlegum akstri í hverju einasta móti. Hann virðist vera þroskaðari, með meira sjálfstraust og í marga staði betri ökuþór en hann var áður. Með Lotus-liðinu hefur Kimi tekist að ljúka öllum mótunum í fyrra og í ár, sé belgíski kappaksturinn í lok ágúst undanskilinn en þar ofhitnuðu bremsurnar með þeim afleiðingum að hann varð að hætta keppni.

Þá hefur Kimi bætt met Michaels Schumacher um stig í fjölda móta í röð. Schumacher bætti árið 2003 met Carlos Reutermann frá 1980 um heil níu mót og sótti stig í 24 mótum í röð frá 2001 til 2003. Kimi hafði tekist að ná í stig í 27 mótum á þessum tveimur árum endurkomu sinnar í Formúlu 1 þegar ungverska kappakstrinum lauk í byrjun september.

En það þykir fremur óvanalegt að svo sterkir ökuþórar aki fyrir sama liðið, hvað þá tveir fyrrverandi heimsmeistarar. Það hefur í raun og veru ekki gerst oft að harðir keppinautar aki í sama liði. Þar er samstarf (ef samstarf má kalla) Ayrton Senna og Alain Prost hjá McLaren víti til varnaðar því allt sprakk bókstaflega í loft upp milli þeirra tveggja árið 1989 þegar Prost ók á Senna í lokamótinu í Japan með þeim afleiðingum að franskir reikniheilinn Prost varð meistari. Ári síðar, þegar Prost hafði flúið til Ferrari, óku þeir á hvorn annan á ný í lokamótinu. Í það skiptið varð Senna meistari.

Ferrari hefur aldrei stillt upp tveimur heimsmeisturum í bíla sína eins og liðið gerir fyrir árið 2014. Yfirleitt hefur liðið haft þá stefnu að ráða til sín einn gríðarsterkan ökuþór og haft annan til að vera honum til stuðnings í heimsmeistarakeppni ökumanna og bílasmiða. Þannig var það til dæmis þegar Schumacher réði lögum og lofum hjá Ferrari frá 1996 og valdi Eddie Irvine til að vera sér við hlið. Sá studdi við Schumi þangað til Rubens Barrichello var ráðinn í hans stað árið 2000. Irvine hafði árið 1999 barist um heimsmeistaratitilinn við Mika Häkkinen eftir að Schumacher fótbrotnaði í breska kappakstrinum um mitt ár. Irvine segir það




hafa komið sér á óvart þegar honum varð ljóst að hann fengi ekki samning sinn framlengdan eftir svo góða frammistöðu árið áður. Barrichello fékk svo að finna fyrir því nokkrum sinnum að hann væri númer tvö hjá Ferrari. Er frægasta dæmið um það þegar hann hleypti Schumacher fram úr sér á síðustu metrunum í austurríska kappakstrinum 2002 eftir að hafa haft nokkra yfirburði í mótinu. Massa hefur svo síðan 2006 sinnt sama hlutverki hjá Ferrari, ef árið 2008 er undanskilið þegar hann barðist um titilinn við Hamilton þegar Räikkönen var í ruglinu.

Í samtali við þýska dagblaðið Bild segir Michael Schumacher uppstillingu Ferrari fyrir árið 2014 vera verulega áhugaverða. „Ferrari með Fernando og Kimi hljómar eins og einkar eldfim blanda. Allir áhugamenn um mótorsport hljóta að búast við flugeldasýningu og fyrir keppinauta þeirra í brautinni verður erfitt að sigra þá saman. Þetta er gríðarlega spennandi.“




Smelltu til að hlusta á
Räikkönen segja tækni-
manni sínum til syndanna

Räikkönen á mikið verk fyrir höndum



Formúla 1 er hins vegar ekki svo auðveldur leikur að hæfileikarnir einir saman geti skilað sigrum, titlum og árangri. Á þetta bendir Jonathan Noble, ritstjóri Formúlu 1 hjá breska mótorsport tímaritinu Autosport, í samantekt á helstu atriðunum sem Kimi þarf að hafa í huga í endurkomunni til Ferrari. Samkvæmt Noble og helstu heimildarmönnum hans þarf Kimi að gera enn betur. Einn tækniamaður sem unnið hefur bæði með Alonso og Räikkönen telur Spánverjann vera í mun betra formi eins og stendur. Þá er Räikkönen ekki týpan sem liggur yfir línuritum og tölfræðigreiningum langt fram á kvöld til að finna auka sekúndubrot. Hugmyndafræði hans gengur út á að spenna á sig beltin og spila þetta eftir eyranu. Og það gerir hann fjandi vel.

Ein af ástæðum þess að Red Bull réð ekki Finnann knáa er, samkvæmt innanbúðarmanni þar, að Red Bull-liðar halda að hann muni ekki leggja sig nógu mikið



fram, standist hann ekki Sebastian Vettel snúning. Stefano Domenicali, liðsstjóri Ferrari, hefur engar áhyggjur af þessu.

Fernando Alonso er jafnframt stór breyta þegar reynt er að spá fyrir um hvernig Räikkönen mun standa sig hjá Ferrari. Koma hans til Ferrari mun að öllum líkindum rífa niður alla þægindaramma sem Alonso er búinn að slá um sig í höfuðstöðvum liðsins í Maranello. Alonso hefur sýnt það áður að hann svífst einskis þegar keppnautar hans gera að honum áhlaup, svo hann kemur að öllum líkindum tvíefldur til leiks árið 2014. Räikkönen leiðist hins vegar pólitík og þrætur og mun ekki nenna að standa í rífrildi við Alonso innan liðsins. Það er sterkt fyrir liðið í heild.

Luca di Montezemolo, framkvæmdastjóri Ferrari, sagði liðið hafa valið sér „tvo minka í hæsnakofa“ sem ökumenn. Í sömu mund yðurkenndi hann að liðið hefði ekki lengur neinar afsakanir fyrir lélegum árangri á næsta ári. Noble bendir á í samantekt sinni að liðið hafi alls ekki skaffað Alonso og Massa nógu góðan bíl í ár og ekki hefur rauði fákurinn tekið neinum framförum þrátt fyrir sífelldar uppfærslur. Með komu Räikkönen og nýrra yfirmanna tæknideildar liðsins á að reyna að yfirstíga þetta vandamál.

Það verður því spennandi að fylgjast með Formúlu 1 á næsta ári og þá sérstaklega Ferrari-ökumönnum, sem munu ef að líkum lætur gera allt sem þeir geta til að sigra hvor annan. Þangað til getum við fylgst með lokamótum tímabilsins í ár. Fyrir kappaksturinn í Singapur um helgina er Sebastian Vettel kominn með 53 stiga forskot á Alonso, sem er í öðru sæti. Räikkönen er 35 stigum á eftir Alonso í fjórða sæti titilbaráttunnar þegar heil sjö mót eru eftir.



Smelltu til að horfa á samantekt frá fyrri helmingi yfirstandandi keppnistímabils í Formúlu 1

eftir Svavar Halldórsson

Vannýttar auðlindir matarmenningar




Nú er sláturtíð og ferskt íslenskt lambakjöt að berast í búðir. Það er frábært hráefni í úrvals hamborgara. Hann er innblásinn af matargerðarhefð Miðjarðarhafsins. Með lambaborgaranum er tilvalið að gera sjálfur franskar úr nýjum íslenskum kartöflum. Sannarlega alþjóðleg máltíð.

Íslenskt lambakjöt er sú fæða sem Íslendingar lifðu að stórum hluta á í gegnum aldirnar og gera enn. Rúmlega tveir þriðju þjóðarinnar borða hangikjöt um jólin samkvæmt könnunum og fátt er íslenskara en læri eða hryggur á sunnudegi. Slátur komst aftur í tísku eftir hrun og lambakjötið er lykilhráefni í því sem menn kalla stundum nýja íslenska eldhúsið – þetta sem matreiðslumeistararnir okkar fá ítrekað verðlaun fyrir í útlöndum. Hver Íslendingur hesthúsaði að meðaltali rúmum tuttugu kílóum af lambakjöti í fyrra, en lambakjöt er rúmur fjórðungur af því kjöti sem við látum ofan í okkur.

Hins vegar hefur dregið verulega úr neyslu á lambakjöti, en meðalneyslan árið 1983 var rúm 45 kíló á mann, sem þýðir að við borðum nú innan við helming þess lambakjöts sem við gerðum fyrir þrjátíu árum. Sauðfé í landinu hefur fækkað um meira en tvö hundruð þúsund á þessu tímabili, úr rúmum 700 þúsundum í vel innan við 500 þúsund. Kjöt fjöllin heyra nú sögunni til og hitt er nýrra að borið hefur á skorti á lambakjöti síðustu ár. Einkum ef viðrað hefur til grillunar. Sveltur sauðalaust bú, var einhvern tímann haft á orði. Á öldum áður var það hverju orði sannara. Vissulega skiptir lambakjöt miklu í afkomu okkar sem þjóðar en lambakjötsframleiðsla snýst ekki bara um að búa til fyrsta flokks mat. Hún er líka stór hluti af menningu okkar og sjálfsvitund. Hluti af þeirri menningu er göngur, fjallferðir og réttir – sem er einstakt íslenskt fyrirbæri. Um 150 fjárréttir eru um allt

YouTube

Smelltu til að sjá hvernig hægt er að gera heimalagaðar franskar á einfaldan hátt



KJÖTNEYSLA Á ÍSLANDI 2012

- Alifuglakjöt 32,8%
- Kindakjöt 26,5%
- Svinakjöt 22,5%
- Nautakjöt 16,6%
- Hrossakjöt 2,5%

HEIMILD: SVONA ER ÍSLENSKUR
LANDBÚNAÐUR.
ÚTG. BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS 2013.



land þetta haustið. Kjarninn fór á dögnum í Hruna-
réttir í Hrunamannahreppi í Árnessýslu.

Þúsundir vinna beint eða óbeint við landbúnað. Ekki er útlit fyrir að hægt verði að fjölga þessum störfum svo nokkru nemi á næstu árum. Nú horfa menn mjög til ferðamennsku sem mikilvægrar stoðar í að reisa við efnahag landsins. Landbúnaður og ferðamennska tengjast hins vegar órjúfanlegum böndum. Með því að styrkja þessi tengsl enn frekar má auka tekjur bæði bænda og þeirra sem eru í ferðaþjónustu. Til þess að það sé hægt þurfa menn að gera sér grein fyrir fáeinum atriðum. Í fyrsta lagi snýst landbúnaður ekki bara um mat – heldur ekki síður um menningu. Íslensku búfjárstofnarnir, hvort sem um er að ræða sauðfé, íslenskar kýr, geitur, landnámshænur eða hestinn, eru einstakir í veröldinni. Innan íslenska sauðfjárkynsins er líka hinn einstaki stofn forystufjár sem telur aðeins nokkur hundruð dýr.



Smelltu til að heimsækja
Hamborgarabókina á
vefnum

GRÍSKUR LAMBABORGARI MEÐ FETAOSTASÓSU

Fyrir sex



HRÁEFNI

- 150 g af klettasalati
- 1 kg af góðu íslensku lambahakki
- 200 g af góðu íslensku grísahakki
- 4 hvítlauksgeirar
- 10 blöð af ferskri myntu
- 2 matskeiðar af saxaðri steinselju
- Sjávarsalt og svartur pipar
- Repjuolía
- Sítrónusafi
- 2 stórir tómatar
- 6 hamburgarabrauð

AÐFERÐ

- 1 Byrjið á því að rista hvítlaukinn. Það er einfalt. Hitið ofninn í 200 °C. Skerið toppinn ofan af heilum hvítlauk og setjið hann í eldfast mót. Hellið smávegis af góðri olíu í sárið. Bakið í hálf tíma eða svo. Látið svo kólna og kreistið geirana út úr hýðinu.
- 2 Setjið klettasalatið í skál og blandið dálitlum sítrónusafa og olíu við. Leggið til hliðar fram að mat.
- 3 Blandið saman lambahakki og svínahakki, fjórum söxuðum geirum af ristudum hvítlauk, saxaðri myntu og steinselju. Saltið og piprið. Búið til sex borgara og kælið.
- 4 Ristið eða hitið brauðin. Mjög vel fer á því með þessum borgara að smyrja þau með smjöri og hita í ofni.
- 5 Setjið olíu á pönnu og hitið upp í góðan meðalhita. Saltið og piprið lambaborgarana og steikið í 3-5 mínútur á hvorri hlið.
- 6 Setjið tilbúna borgarana á brauðið, klettasalat og tómatsneið þar ofan á og svo fetaostasósuna efst. Setjið efra brauðið á, látið standa í tvær til þrjár mínútur og berið síðan fram.
- 7 Berið jógúrtsósuna fram sem meðlæti.

LITLA LJÓÐA HÁTÍÐIN

LITLA LJÓÐA HÁMERIN OG HÁSI KISI
STANDA AÐ LITLU LJÓDAHÁTÍÐINI

Í NORÐAUSTURRÍKI



EINAR MÁR
GUÐMUNDSSON



INGUNN
SNÆDAL




SIGURBJÖRG
PRASTARDÓTTIR



SJÓN



SIGURÐUR
INGÓLFSSON



KRISTÍN
JÓNSDÓTTIR



GRÉTA KRISTÍN
ÓMARSDÓTTIR

EGILSSTAÐIR

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER

20:00 LJÓÐAGANGA Í HALLORMSSTAÐASKÓGI
Kristín Jónsdóttir, Arnar Sigbjörnsson, Steinunn Rut
Friðriksdóttir og Stelán Bogi Sveinsson.
Heðbundin ljóðagerð og ketillkaffi í boði skógarmanna.

FÖSTUDAGUR 20. SEPTEMBER

17:00 BÓKMENNTABARSTUND Á HÓTEL HÉRAÐI
Einar Már Guðmundsson les úr skáldverkum sínum.
20:00 LJÓÐAKVÖLD Í SLÁTURHÚSINU
Einar Már Guðmundsson, Ingunn Snædal,
Kristín Jónsdóttir, Sigurbjörg Prastardóttir, Sjón.

LAUGARDAGUR 21. SEPTEMBER 11:00 LISTFENGI Á FJÖLLUM

Skáldin taka þátt í ljóðagjörmingi á áningarstaðnum á Biskupshálsi, milli
Viðalds og Grímsstaða á Fjöllum, til minningar um Kristján Jónsson
fjallaskáld. Kakó og kleinur í boði fyrir gesti.

AKUREYRI

LAUGARDAGUR 21. SEPTEMBER

16:00 BÓKMENNTABARSTUND Á ICELANDAIR
HÓTEL AKUREYRI Sigurbjörg Prastardóttir og Sjón lesa úr
skáldverkum fyrir bargesti hótelsins.
17:00 LJÓÐADAGSKRÁ Í POPULUS TREMULA
Einar Már Guðmundsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir,
Sigurbjörg Prastardóttir, Sigurður Ingólfsson, Sjón.
Malpokar leyfir.

SUNNUDAGUR 22. SEPTEMBER

14:00 LJÓÐAGANGA Í KJARNASKÓGI
Einar Már Guðmundsson, Gréta Kristín Ómarsdóttir,
Sigurbjörg Prastardóttir, Sigurður Ingólfsson, Sjón,
Urður Snædal. Kaffi á kattinum í boði skógræktarfélagi.




MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS



MENNINGARRÁÐ
EYPINGS



Skriðuklaustur
Menningarsetur & sögustaður



**Afturgenginn
tónleikaþorsti
þjóðarinnar**

• NASA •

Fyrr nokkrum árum var eins og það væri ekki þverfótað fyrir tónleikum í Reykjavík og næsta nágrenni. Líkt og annað umturnaðist sú þróun um og eftir kreppu og við tók heldur dapurt tónleikalíf miðað við fyrri ár. Þótt auðvelt sé að kenna efnahagshruni um ástandið var sem ákveðin viðhorfsbreyting hefði átt sér stað meðal þjóðarinnar þegar kom að tónleikahaldi, líkt og áhuginn hefði skyndilega dvínað og tónleikar væru einhvers konar lúxus fortíðar, draumur sem þurfti að vakna af. Nú hefur þó blessunarlega ræst úr og hefur árið 2013 til að mynda verið ansi öflugt þegar litið er til erlendra listamanna sem sótt hafa landið heim sem og tónleikahátíða á landinu öllu. Tónleikaþorstinn er afturgenginn og vel það.


Þetta sést glöggð þegar horft er á holskeflu tónleika og hátíða síðustu mánaða. Á landi þar sem íbúar ná varla upp í 322.000 er að finna einstaklega fjölbreytta flóru tónlistarlífs. Fjölda hátíða hérlendis fer snarhækkandi en til dæmis má nefna tvær gríðarstórar hátíðir sem þreyttu Íslands-frumraun sína árið 2013: [Sónar](#) í febrúar og [All Tomorrow's Parties](#) í júní. Báðar eru með virtari tónlistarhátíðum heims og rós í hnappagat hverrar borgar sem tekst að lokka þær yfir til sín – sem þær gera væntanlega ekki ef eftirspurn er ekki mikil. Meðal flytjenda á hátíðunum voru heimsþekkt nöfn á borð við James Blake, Nick Cave, Alva Noto & Ryuichi Sakamoto, The Fall og Squarepusher.

Árið er ekki síður eftirminnilegt fyrir sakir smærri hátíða sem hafa fest sig í sessi á borð við Reykjavík Music Mess, Innipúkann og Eistnaflug og nýrri og sérhæfðari hátíða eins og Tectonics, Myrkra músíkdaga, Reykjavík Midsummer Music og Reykjavík Folk Festival. Það má nefnilega ekki gleyma því að þótt erlent tónleikahald hafi verið meira og minna í dvala undanfarin ár hafa íslenskir listamenn sannarlega ekki setið auðum höndum og grasrótin blómstrað sem aldrei fyrr. Æ fleiri



hljómsveitir halda í tónleikaferðalög erlendis og er boðið að spila á bransahátíðum víða um heim.

Á sama tíma hefur tónleikahald úti á landi stórauðist, bæði ef litið er til hátíðahalda sem og stakra tónleika. LungA-hátíðin á Seyðisfirði státaði til að mynda af dönsku sveitinni Rangleklods og Eistnaflug í Neskaupstað bauð gestum upp á erlenda tóna frá [Red Fang](#) og [The Psyke Project](#). Hljómsveitir úr höfuðborginni eru sömuleiðis farnar að eyða meira púðri í að leggja land undir fót og troða upp í fámennum en góðmennum rýmum um allt land í takt við vaxandi eftirspurn og leggja jafnvel í tónleikaferð um land allt eða stærri verkefni á borð við [Áhöfnina á Húna](#). Auk þess að spila á hinum ýmsu hátíðum úti á landi hafa margar eftirminnilegar erlendar sveitir troðið upp í Reykjavík af því sem af er ári, til að mynda kanónur á borð við Chic og Nile Rodgers að spila fyrir troðfullum dansandi sal í Hörpu, jaðarhetjurnar í Lambchop í kósýheitum í Iðnó, saxófón



hetjan [Colin Stetson á Volta](#) og poppgoðið Frank Ocean í Laugardalshöll. Úrvalið fram undan er svo ekki af verri endanum, með tónleika á borð við hina framsæknu ljúfrokara í Cult of Luna á Gamla Gauknum, hinn hrjúfraddaða Mark Lanegan í Fríkirkjunni og að sjálf-sögðu þá tónleikaveislu sem Iceland Airwaves mun bjóða Íslendingum upp á með fjölbreyttum tónleikum á borð við Kraftwerk í Laugardalshöll og Anna Von Hausswolff í Gamla bíói.

En nú liggur við að upptalningin að ofan sé tæmandi listi yfir tónleikastaði landsins. Það virðist nefnilega vera svo að [tónleikastöðum landsins fækki dag frá degi](#) með brotthvarfi Nasa og Faktorý á sama tíma og íslenskt tónlistarlíf blómstrar sem aldrei fyrr. Kannski ekki skritið að margir hvái, enda helst til skringileg þróun mála. Enn fremur þegar litið er til þess að samkvæmt nýlegum rannsóknum er [tónlist nú ein aðalútflutningsvara þjóðarinnar](#) og óneitanlega eitt mikilvægasta kynningar-tól landsins, sem skilar inn margs konar hagnaði árlega. Fjölmargir hafa [látið í sér heyra](#) vegna þessa en svo virðist sem talað sé fyrir ansi daufum eyrum borgarstjórnar.

Ef þróunin heldur svona áfram – aukinn áhugi og eftirspurn á tónleikahaldi á meðan tónleikastöðum fer ört fækkandi – verður forvitnilegt að sjá hvað verður uppi á teningnum eftir nokkur ár. Á meðan er um að gera að drífa sig á og njóta sem flestra tónleika.



Netflix-byltingin

Það horfir engin á sjónvarp lengur eins og í gamla daga, alla vega ekki í Bandaríkjunum. Horfnir eru tímarnir þegar göturnar voru tómar því að fólk var að horfa á þættina sína í sjónvarpi eða hætti við að hittast því að hitt eða þetta var í sjónvarpinu. Núna hefur neytandinn allt þetta vald í hendi sér og markaðurinn hefur margfaldast í kringum þetta í Hollywood.

Upptökulykillinn Tívó kom fram á sjónarsviðið árið 1999 og gat þá fólk tekið upp efni og raðað upp lista á

Arrested Development (mynd á síðu 1)

Það þótti sýna djörfung þegar Netflix ákvað að kaupa heila nýja þáttaröð af cult-þáttunum Arrested Development, sérstaklega þar sem þættirnir höfðu aldrei fengið mikið áhorf þegar þeir voru sýndir í sjónvarpi. Á daginn kom þó að þættirnir voru sem sniðnir að Netflix og tilraunin er talin hafa heppnast frábærlega.

hörðum disk og horft á þegar það hafði tíma og löngun til. Núna hefur þessi tækni farið víða og má segja að þarna sé upphafið á byltingu sem í dag er búin að fara fram úr flestum væntingum. Allir rekstraraðilar kapalsjónvarps Í Bandaríkjunum reyna nú að keppast við að selja þér hversu marga þætti þú getur tekið upp í einu á sama tíma og hversu margir í húsinu þínu geta verið að horfa á mismunandi upptökur. En upptökulykillinn var bara upphafið því núna hafa vefsíður eins og Youtube, Hulu, Hulu Plus, Yahoo, Amazon og Netflix tekið þennan bolta og hlaupið með hann. Í raun og veru má segja að á síðasta ári hafi orðið vatnaskil.

Netflix breytti öllu

Netflix er kvikmynda- og sjónvarpsþáttavefur þar sem fólk greiðir andvirði tæplega tveggja kaffibolla (eða eins kaffibolla ef þú ert í Kaupmannahöfn), 1.000 krónur eða um 8 dollara á mánuði, fyrir aðgang að óheyrilegu magni af efni, gömlu sem nýju, og núna sérpöntuðu og sérframleiddu fyrir það. Netflix hóf göngu sína árið 1997 og var lengi álitin ruslatunna gleymdra og glataðra mynd og þátta. Í dag er sagan heldur betur önnur og núna er Netflix orðinn einn stærsti og valdamesti skemmtanavefurinn og leggur línurnar fyrir allan sjónvarpsíðnaðinn.

Árið 2012 tók Netflix stóra áhættu með að bjóða framleiðendum og handritshöfundum sjónvarpsþáttarins Arrested Development um 45 milljónir dollara fyrir 15 þætti til að sýna á síðunni í einni dembu. Sá þáttur á stóran addáendahóp sem er nánast eins og sértrúarsöfnuður í kringum hann. Þrátt fyrir það var þátturinn tekinn af dagskrá á Fox-rásinni fyrir sjö árum eftir einungis þrjár þáttaraðir vegna lélegs áhorfs. Þátturinn naut hins vegar gríðarlegrar hylli gagnrýnenda og vann Golden Globe- og Emmy-verðlaun í hrönnum. Hinn almenni Bandaríkjamaður var bara ekki að fatta þættina, svo einfalt var það.



Smelltu til að horfa á
Kevin Spacey hvetja sjón-
varpsstöðvar til að veita
áhorfendum valdið



Ricky Gervais (*The Office*, *Extras*) frumsýndi núna á laugardaginn 14. september nýja sjö þátta röð sem heitir *Derek*. Netflix tryggði sér sýningarréttinn á þeim þætti en Gervais framleiddi hann í Bretlandi þannig að teymið ætlar að blanda því saman að eiga frumsamið efnið í eigin nafni sem og að kaupa rétt af efni alls staðar að úr heiminum.

Wachowski-systkinin (*Matrix*) eru að gera vísindaskáldsögubáttaröð sem heitir *Sense8* sem á að birtast á næsta ári og sýna einvörðungu á Netflix.

Stærsta verkefni Netflix var þó án efa þegar fyrirtækið réði stórleikstjóran David Fincher (*Seven*, *Fight Club*, *The Social Network*, *The Girl with the Dragon Tattoo*), til að gera fyrir sig þáttaröð þar sem hvergi var til sparað. Um 100 milljónum dala var heitið í tvær þáttaraðir. Óskarsverðlaunahafinn Kevin Spacey og Robin Wright, ásamt einvala liði annarra leikara, voru ráðin í burðarhlutverk og úr varð hin stórkostlega þáttaröð


House of Cards, sem hefur núna hlotið bunka af tilnefningum til Emmy-sjónvarpsverðlaunanna. Áskrift-araðilar að Netflix fóru úr tveimur milljónum í 29,2 milljónir í ársfjórðungnum sem House of Cards var frumsýnt og gildi verðbréfa í Netflix rauk upp um 345% á níu mánuðum.

Áframhaldið er bara spennandi og lofar Netflix okkur að tvöfalda hjá sér framleiðslu á frumsömdu efni fyrir sig, sem og sýningarrétti á utanaðkomandi efni á næsta ári, sem þýðir þá að átta nýjar þáttaraðir munu líta dagsins ljós. Meðal fólks á óskalista Ted Sarando, dagskrárstjóra Netflix, til að vinna með í framtíðinni eru Warren Beatty, Sofia Coppola og Jodie Foster.

Tímamótasamningur við Disney

Enn fremur hefur Netflix gert tímamótasamning við Disney um að gera um 3.600 tíma af frumsömdu barnaefni og lét fyrirtækið ekki staðar numið þar heldur gerði risasamning við Weinstein-kvikmyndaverið um að fá sýningarrétt á öllu efni frá því áður en það birtist á öðrum rásum sem greitt er fyrir. Weinstein stendur á bak við myndir eins og Django Unchained, The King's Speech, Silver Linings Playbook, A Single Man, The Artist og lengi mætti telja. Þessi samningur mun gilda frá ársbyrjun 2016. Sarando hefur verið lykilmáður við gerð þessara samninga.

Hann ákvað að brjóta allar reglurnar þegar kemur að sjónvarpi með því að henda inn heilli þáttaröð á einni nóttu inn á vefinn. Netflix hugsar þættina sem 13 klukkustunda kvikmynd og telur því óþarfi að sýna hvað gerðist í síðasta þætti eða hvað muni gerast í þeim næsta. Með þessu telur Netflix-teymið að handritshöfundar geti nálgast skriftirnar sínar úr annarri og betri átt án þess að gera cliffhangera og vesen. Við neytendur þurfum ekki annað en að ýta á play þegar okkur sýnist og þurfum ekki að bíða eftir næstu viku til að sjá framhaldið. Sarando hefur einnig neitað staðfastlega að birta



áhorfstölur, sem hefur farið illa í stóru sjónvarps-rásirnar hérna úti, en hann getur svo sem gert það sem hann vill þar sem hans leikvöllur er á internetinu og þar eiga ekki sömu reglur við og í hefðbundnu sjónvarpi.

Þegar dagskrárstjórinn Sarando var spurður að því í fjölmiðlum hérna í Los Angeles hver væri galdurinn á bak við þetta stórkostlega ævintýri og velgengi Netflix sagði hann í afar hógværum tóni að það eina sem Netflix gerði væri að sýna, panta og borga fyrir myndir og þætti – fyrirtækið hefði lítið sem ekkert með listrænt ferli þáttargerðarinnar sjálfra að gera. Þar með gæfi það því hæfileikafólki sem það tældi til sín lausan tauminn til að gera góða hluti og Sarando grínaðist með að ekki færi hann að segja David Fincher hvernig ætti að leikstýra mynd, né færi Fincher að segja honum hvernig hann ætti að reka vefinn. Eftir sitja stóru hefðbundnu sjónvarpsrásirnar með sárt ennið enda hafa þær ekki sama frelsi til að leika lausum hala. Það er aðallega sökum auglýsingatekna sem þær stóla á og það er alkunna hérna ef eitt-hvað fer illa í kostunaraðila er handritum breytt vinstri hægri án þess að blikka augum. Það er ekki á dagskrá hjá Netflix, sem segist vilja halda tryggð við áhorfendur sína sem eigi skilið toppefni sem enginn auglýsinganjóli vilji breyta vegna þess að vara viðkomandi kemur illa út í söguþræðinum eða einhver sé með skegg sem hann fíli ekki.

Plan Netflix virðist ætla að steinleggja og kvikmynda-bransinn í Hollywood fer afar illa út úr þeim afskiptum sem kostunaraðilar og fjárfestar hafa á handrit, ráðningar leikara og leikstjóra sem of oft endar með því að úr verður eitthvert ömurlegt miðjumoð sem er ekki á horfandi.



Jarðbundið fólk

BÆKUR

Af jörðu

eftir Hjörleif Stefánsson.

Mörður Árnason ritstýrði.

Birna Geirfinnsdóttir og

Lóa Auðunsdóttir sáu

um hönnum og umbrot.

Crymogeia gefur út.

Af jörðu er stærðarinnar bók. Meginmálið er um þrjú hundruð blaðsíður að viðbættum skráum yfir atriðisorð, myndir og fólk. Hún er líka stór í broti, bók af því tagi sem oft er kennt við kaffiborð. Sérlega fallega upp sett. Fjölmörgum teikningum og ljósmyndum, sem gegna síst minna hlutverki en textinn, er réttilega gert hátt undir höfði.

Þetta er falleg og eiguleg bók um efni sem stendur okkur nærri: íslenska torfhúsahefð. Einkum og sér í lagi fjallar hún um torfbæina sem forfeður okkar bjuggu í um aldir, en líka ýmis önnur jarðvegsmannvirki, torf sem byggingarefni, aðferðir og tækni. Þá er litíð á



Smelltu til að fara
á vefsíðu skóla sem
kennir torfhleðslu



Í bókinni er athyglisverð
mynd af tvílyftu torfhúsi í
Nebraska, Haumont House.
Belgískur innflytjandi.

torfhúsagerð nágrannabjóðanna og þróunarsögunni gerð nokkur skil.

Það vill einkenna bækur af þessum toga, eigu- og gjafalegar bækur sem njóta sín vel undir glerplötum kaffiborðanna, að þær gefa ekki endilega mest af sér við að vera lesnar frá upphafi til enda í einni lotu. Þær eru ekkert síður hugsaðar til að grípa niður í, fletta og skoða og staldra við þegar eitthvað fangar augað, án þess að heildarsamhengið stjórni för.

Það gæti verið ein skýring þess að þetta verk Hjörleifs Stefánssonar stendur ekki alveg undir væntingunum sem umbúnaðurinn og yfirlýst áform gáfu þessum lesanda sem fór í gegnum það frá A til Ö, frá 1 til 320.

Yfirlýstu áformin eru þrenn og koma fram í inngangi bókarinnar:

Í fyrsta lagi vill höfundur „kynna fegurð torfsins sem byggingarefnis. Það verður ekki gert með orðum nema að litlu leyti, heldur fyrst og fremst með ljósmyndum“.

Þetta tekst aldeilis bærilega – bókin er mikið augnayndi og aðdáunarvert hve fallett samræmi er í myndefninu – kortum, teikningum og ljósmyndum – ef haft er í huga að efnið kemur víða að og frá ýmsum tímum. Óneitanlega snerta fallegar myndir af reisulegum torfbæjum taugar ættjarðarástar í þeim sem þær eiga til. Nærmyndir af vel hlöðnum veggjum eru sannkallað augnayndi. Og ljúfsár er tilfinningin sem myndir af hálfhrundum torfveggjum húsa á síðustu metrum tilveru sinnar vekur.

Í annan stað telur Hjörleifur þurfa „átak til að tryggja varðveislu þeirra örfáu húsa úr torfi sem við enn eigum. Þessum húsum verður ekki haldið við nema með því að leggja rækt við handverksþekkinguna.“

Um síðari setninguna hér verður ekki deilt, hún er nánast klifun. Ekkert handverk þrífst án kunnáttu í því tiltekna handverki. Hins vegar má draga í efa gagnsemi bókar af þessu tagi við að miðla og efla handverk nema þá að því leyti að vekja athygli á fegurð afrakstursins



Hér er ótrúleg heimildarmynd um torfhúsahefðina á amerísku sléttunni



Hér má lesa um Addison Sod-húsið

og hvetja menn þannig til dáða. Falleg stásstofubók er nokkurn veginn síðasti staður sem forugir menn með stunguspaða myndu nota til að sækja sér leiðbeiningar um hvernig klömbruhnaus skuli skorinn.

Ög þó, kannski gæti hún vakið áhuga einhverra á handverkinu. Úr því sem komið er verður það væntanlega alltaf í höndum sérhæfðra atvinnumanna og/eða sérviturra áhugamanna. Ekki er fráleitt að hugsa sér að einmitt fólk með þann neista drægi slíka bók upp úr afmælis- eða jólapakka og fylltist eldmóði til að hefja torfskurð og hleðslu.

Ekki get ég sagt að Hjörleifur færi sannfærandi rök fyrir því að sérstaks átaks sé þörf í varðveislumálum torfhúsa. Hryggjarstykki bókarinnar er yfirlit yfir uppistandandi torfhús landsins (og reyndar nokkur sem eru á mörkum þess að standa). Megnið af þeim húsum virðist vera í umsjá Þjóðminjasafnsins eða annarra aðila með skýrar skyldur og aðgang að þekkingu og kunnáttu í að halda við því sem þeim er trúað fyrir. Hluti af þeim skyldum er væntanlega að tryggja að ávallt séu í fullu fjöri menn og konur sem kunna listina.

Um örfá hús nefnir Hjörleifur að þau verðskuldi að komast undir slíkan verndarvæng og þar er auðvelt að samsinna honum, svo einsleit sem hin best varðveittu hús eru (mestanpart betri bæir á Norður- og Norðausturlandi). Reyndar er einn af „sköllum“ bókarinnar sá að gera ekki betur og skýrar grein fyrir landshlutamun á byggingarhefð og -aðferðum. Glefsur af þeim fróðleik er hægt að finna hér og þar en heildstætt yfirlit hefði verið áhugavert og skemmtilegt.

Þriðja verkefni bókarinnar segir Hjörleifur vera „að kveikja áhuga hjá arkitektum og öðrum húsagerðarmönnum á handverki þessarar sérstöku byggingarhefðar. Hún býr yfir töfrum sem byggingarlistarmenn nútímans gætu fært sér í nyt“.

Mjög torvelt er að sjá þess merki í bókinni að þetta sé mikilvægt erindi. Lokakaflinn fjallar reyndar um



söknuð eftir torfhólsútfærslu Jean Nouvel í tónlistarhússamkeppninni – og ég verð að taka undir þau sjónarmið. Mikið hefði verið magnað að ganga inn í grænan hólinn á vit tónlistarinnar, í stað þess að horfa upp á hina þreytandi og kitsísku ljósasýningu Ólafs Elíassonar.

Að öðru leyti fer lítið fyrir hugmyndum eða hugvekjum

um mögulegt hlutverk torfs í nútímanum. Lítið sem ekkert er fjallað um hvernig torf er þó enn notað – til dæmis sem þakklæðning. Ekkert er minnst á jarðhýsi á borð við kartöflugeymslur, sem voru enn byggðar úr torfi fyrir örfáum áratugum og eru sennilega enn. Eitt-hvað er enn byggt af gördum úr torfi og grjóti í frágangi lóða og almenningsgarða en lítið fer fyrir umfjöllun um það.

Ef höfundur er alvara með því að torf eigi sér viðreisnar von í byggingarlistinni hefði fróðleikur um umhverfis-áhrif torftekju einnig verið viðeigandi í nútímanum, ekki síst í ljósi þess að hvað eftir annað erum við minnt á það að torf er ekki varanlegt byggingarefni heldur kallar sífellt á endurnýjun og meira torf. Er það sjálfbær auðlind, og þá miðað við hversu mikla notkun?

Af jörðu er fín sem sú bók sem hún er, grunskreitt yfirlitsrit frekar en ítarlegur og djúpur fróðleiksbrunnur. Hún er kannski ekki alveg sú bók sem hún segist vera, og línulega leiðin í gegnum hana er dálítið (afsakið orðbragðið) tyrfin. En hún skilar svo sannarlega tilfinningu fyrir þessum merkilegu húsum og minnir á varðveisluskyldur okkar. Ég mun framvegis ekki keyra framhjá neinum þeirra húsa sem hér fá umfjöllun án þess að líta þar við og velta fyrir mér lífinu sem þar var lifað.

Verst hvað hún passar illa í hanskahólfið.

Klárur málið!

Tökum höndum saman og útrýmum mænusótt



Mænusótt er ólæknandi sjúkdómur sem örkuð börn og dregur jafnvel til dauða. Griðarlegur árangur hefur hins vegar náðst í baráttunni gegn sjúkdómnnum. Til að útrýma mænusótt á heimsvísu þarf að tryggja að öll börn fái bólusetningu sem verndar þau til æviloka.



➔ til að gefa
10 bólusetningar
(250 kr)

unicef 



kjarninn

Takk fyrir að lesa Kjarnann

UM KJARNANN

Kjarninn kemur út á fimmtudagsmorgnum. Hann er gefinn út fyrir iPad og iPhone ásamt því að vera aðgengilegur í PDF-formi á vefnum.

Ritstjórn ritstjorn@kjarninn.is

Pórður Snær Júlíusson, ritstjóri thordur@kjarninn.is
Magnús Halldórsson, blaðamaður magnush@kjarninn.is
Ægir Þór Eysteinnsson, blaðamaður aegir@kjarninn.is
Pórunn Elísabet Bogadóttir, blaðamaður thorunn@kjarninn.is

Framleiðsla

Birgir Þór Harðarson, framleiðslustjóri birgir@kjarninn.is
Magnús Teitsson, málfarsráðunautur magnus.teitsson@gmail.com

Framkvæmdastjórn kjarninn@kjarninn.is

Gísli Jóhann Eysteinnsson, framkvæmdastjóri gisli@kjarninn.is
Hjalti Harðarson, framkvæmdastjóri hhardarson@kjarninn.is

Auglýsingar auglysingar@kjarninn.is

Kjarninn
Kt: 690413-0190
Laugavegi 71
101 Reykjavík
S: 551-0708

www.kjarninn.is

www.facebook.com/kjarninn

www.twitter.com/kjarninn_is

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.